
Fornleifaskráning vegna jarðstrengs frá Svartárvirkjun að Laxárvirkjun og mannvirkja í Bárðardal



RITSTJÓRI: RAGNHEIÐUR GLÓ GYLFAÐÓTTIR

**HÖFUNDAR EFNIS: BIRNA LÁRUSDÓTTIR, GÍSLI PÁLSSON, KRISTBORG ÞÓRSDÓTTIR, ORRI VÉSTEINSSON OG
RAGNHEIÐUR GLÓ GYLFAÐÓTTIR**

**FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS
REYKJAVÍK 2015
FS582-15121**



Ljósmynd á forsíðu er af kumlateig (SP-216:062) í landi Halldórsstaða, horft til suðurs.

©2015

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES

BÁRUGÖTU 3

101 REYKJAVÍK

SÍMI: 551 1033

FAX: 551 1047

NETFANG: fsi@instarch.is

www.instarch.is

EFNISYFIRLIT

HELSTU NIÐURSTÖÐUR	5
1. INNGANGUR.....	7
2. SAGA FORNLEIFASKRÁNINGAR OG LÖGGJÖF	9
3. AÐFERÐIR VIÐ FORNLEIFASKRÁNINGU.....	11
4. FORNLEIFASKRÁ	13
Sp-177 Bjarnastaðir.....	13
Sp-179 Lundarbrekka	21
Sp-180 Engidalur	23
Sp-192 Hörgsdalur	25
Sp-194b Stöng.....	27
Sp-215 Birningsstaðir	28
Sp-216 Halldórsstaðir.....	37
Sp-217 Þverá	42
Sp-224 Grenjaðarstaður.....	47
Sp-285 Víðar.....	48
Sp-286 Márskot.....	52
Sp-287 Hallbjarnarstaðir	53
Sp-291 Laugaból (Laugasel)	53
Sp-661 Fornleifar á fleiri en einni jörð	55
5. NIÐURSTÖÐUR	59
Fornleifar innan úttektarsvæðis þrýstipípu og fyrirhugaðrar staðsetningar stöðvarhúss	65
HEIMILDASKRÁ	67
VIÐAUKI I: HNITASKRÁ Í LANDSHNITAKERFI (ISN93).....	70
VIÐAUKI 2: KORT AF RANNSÓKNARSVÆÐI OG FORNLEIFUM.....	73

Helstu niðurstöður

Við fornleifaskráningu vegna fyrirhugaðs jarðstrengs úr Svartárvirkjun voru fornleifar kannaðar á eftirfarandi úttektarsvæðum:

- A) Úttektarsvæði fyrirhugaðs jarðstrengs liggur frá stöðvarhúsi Svartárvirkjunar að stöðvarhúsi Laxárvirkjunar. Samtals var úttektarsvæðið 46 km langt og 100 m breitt þar sem tekið var út 50 m belti til beggja átta frá miðlínu jarðstrengsins.
- B) Staðsetning stöðvarhúss við Svartá og legu þrýstípu frá því að Grjótá. Úttektarsvæði þrýstípuunnar var samanlagt um 3 km langt og 100 m breitt. Eldri lega þessara mannvirkja var skráð árið 2012 en síðan þá höfðu breytingar verið gerðar á staðsetningu þeirra.

Samtals voru skráðir 81 minjastaðir innan úttektarsvæðanna. Minjar innan við 15 m frá miðlínu framkvæmda voru skilgreindar í stórhættu en minjar innan úttektarsvæðis en fjær en miðlínu en 16 m töldust í hættu. Af skráðum minjum reyndust 36 vera í hættu en 45 í stórhættu. Í mörgum tilfellum ætti að vera hægt að komast hjá því að raska fornleifum í hættu og í sumum tilfellum einnig fornleifum í stórhættu.

Minjastofnun Íslands mun veita umsögn um nauðsynlegar mótvægisáðgerðir.

1. Inngangur

Á vordögum 2015 var gert samkomulag milli Fornleifastofnunar Íslands ses. og Verkís fyrir hönd SSB Orku um að

Fornleifastofnun myndi sjá um úttekt á fornleifum innan úttektarsvæðis


fyrirhugaðs jarðstrengs frá Svartárvirkjun að Laxárvirkjun annars vegar og innan úttektarsvæðis

þrýstipípu og staðsetningu

stöðvarhúss í Bárðardal hins vegar. Lega

þrýstipípu hafði áður verið tekin út árið 2012 en staðsetning mannvirkja hafði breyst síðan þá og því var farið fram á úttekt á nýrri legu þrýstipípu.¹ Alls var úttektarsvæðið 46 km langt og 100 m breitt.

Úttektarsvæðið sem tekið var út liggur í gegnum landareignir 12 jarða í tveimur sveitarfélögum en auk þess voru skráðar nokkrar fornleifar sem flokkuðust sem „fornleifar á fleiri en einni jörð“, sem voru allt fornar leiðir. Landslagið á úttektarsvæðinu var fjölbreytt, allt frá grónum túnum yfir í uppblásnar eða grónar heiðar eða deiglandar mýrar. Um vettvangsrannsóknir sáu Ragnheiður Gló Gylfadóttir og Kristborg Þórsdóttir. Skráningin fór fram síðla í júní og viðraði vel til vettvangsrannsókna. Um úrvinnslu sáu Ragnheiður og Kristborg en Ragnheiður sá alfarið um skýrslugerð og uppsetningu. Um kortagerð og



Á kortinu er gróflega áætluð staðsetning rannsóknarsvæðisins sem tekið var út sýnd með rauðum kassa.

¹ Kristborg Þórsdóttir (2014). Deiliskráning vegna fyrirhugaðrar Svartárvirkjunar. FS552-12091. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

myndvinnslu sá Gísli Pálsson. Áður en gengið var um svæðið var rætt við ábúenda á þeim jörðum sem ráðgerð mannvirki liggja um til að afla frekari upplýsinga um staðhætti og fornleifar. Ábúendur tóku vel á móti skrásetjurum og er sérstöku þakklæti skilað til þeirra fyrir góðar móttökur. Minjastofnun Íslands lánaði Trimble tæki til uppmælinga og eru þeim færðar kærar þakkir fyrir lánið.

Skýrsla þessi er byggð upp líkt og aðrar deiliskráningarskýrslur Fornleifastofnunar. Í öðrum kafla er að finna stutt yfirlit um löggjöf um minjavernd og í þeim þriðja farið yfir þær aðferðir sem notaðar voru við skráninguna. Fjórði kafli er svo sjálf skráningin en í þeim fimmta er farið yfir helstu niðurstöður úttektarinnar. Aftast í skýrslunni er svo að finna kort sem sýnir rannsóknarsvæðið og fornleifar innan þess og lista yfir öll hnit sem tekin voru í landshnitakerfi (ISN93).

2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað [...]“. Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölbætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bæn húsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarmínjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar

hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,

e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,

f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,

i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.


Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

3. Aðferðir við fornleifaskráningu

Í júní 2015 fór fram fornleifaskráning á fyrirhugðu úttektarsvæði vegna virkjanaframkvæmda í Bárðardal og Laxárdal innan landareigna 12 lögbýla. Áður en svæðið var gengið var talað við staðkunnuga og loftmyndir kannaðar. Úttektarsvæðið var 100 m breitt og náði 50 m til beggja átta frá miðlínu úttektarsvæðisins. Á vettvangi var notast við þá vinnureglu að skilgreina að allar fundnar minjar í 15 m fjarlægð frá miðlínu fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis „í stórhættu vegna framkvæmda“ þó að ljóst sé að hættan sem steðjar að minjunum sé mis bráð. Aðrar minjar voru taldar vera í hættu. Mesta hættan er næst miðlínu og minnkar eftir því sem fjær dregur henni. Ákveðið var að taka út nokkuð stórt svæði svo að auðveldara sé að hnika til miðlínunnar og sneiða framhjá minjum. Rétt er að geta þess að í hættumati er ekki fólgið neins konar mat á gildi minjastaða.

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: SP-170:009). Fornleifaskráin samanstendur að lista yfir þær fornleifar sem skráðar voru á vettvangi innan rannsóknarsvæðis.



Dæmi um skráningu á dæmigerðum minjastað. Í skránni sem fylgir þessari skýrslu eru þó hnit tekin í landshnitakerfi (ISN93)


Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hvorrar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund,

hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða. Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í gráðum og mínútum. Allar sýnilegar minjar voru mældar upp með GPS-stöð af gerðinni Trimble Geoexplorer 6000, þar sem áætlað frávik frá miðju er innan við 1 metri. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum (ISN93) og er annars vegar mældur punktur með kennitölu í miðju hvers minjastaðar og hins vegar mæld upp mörk allra merkjanlegra minja. Samkvæmt lögum hafa allar fornleifar 15 m helgunarsvæði frá ystu mörkum minjastaðarins. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki. Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga. Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

4. Fornleifaskrá

SP-177 Bjarnastaðir

SP-177:010 Vaglagerði bæjarstæði býli



X 576366 Y 550095

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1712 segir: "Vaglagerde kallast örnefni hjer í landinu fyrir utan bæinn, sem nú er í sanda uppblásið. Þar atla menn að í fyrndinni hafi bygð verið, eru og á því nokkur munnmæli, og finna menn þar í sandinum smiðjusindur, kol og járnvola." Í örnefnalýsingu stendur: "Allt miðsvæði<ð>, frá vegi út í merkjagirðingu móti Lundarbrekku, er nefnt Mýrar... Upp úr mýrunum norðanvert er Kofaholt... Í kringum Kofaholt var skógur, og lægðirnar kringum holtið heita Kofaraufar. Þar sunnar og ofar var eyðibýlið Vaglagerði." Minjar um eyðibýlið Vaglagerði sjást enn um 700 m norðvestan við bæ 001 og um 260 m norðvestan við Grafarnes 011. Sýnilegar minjar sem tilheyra býlinu eru á svæði sem er um 120x50 m að stærð. Innan svæðisins er bæjarhóll,

meintur túngarður, túft, ungleg grjótpúst og ógreinileg túft sem líklegt er að sé yngri en býlið sjálft. Miðlína fyrirhugaðs jarðstrengs úr Svartárvirkjun liggur yfir austasta hluta minjasvæðisins, bæjarhólinn, og er hann í stórhættu af þeim sökum. Ógreinileg túft er 45 m vestan við miðlínu jarðstrengsins og er því í jaðri áhrifsvæðisins en aðrar minjar lenda rétt utan þess.

Röð hóla er sunnan við nyrsta túnið á Bjarnastöðum sem er vestan við Dalsgróf. Það tún er komið í órækt. Tveir hólar sunnan við túnið eru gjörblásnir en enn er gróðurþekja á þeim þriðja þar sem finna má minjar um býlið Vaglagerði. Sá hóll gengur út úr holti sem heldur áfram til suðurs og er örfoka.



Mynd 1. Túft C, horft til SSV

Einnig eru minjar sem tilheyra býlinu vestan við hólinn. Gróið tún er fast austan við Vaglagerði, vestan við Dalsgróf.



Mynd 2. Vaglagerði 010, tóft E horft til austurs og bæjahóll A, horft til suðausturs

Sem fyrr segir eru sýnilegar minjar um býlið á svæði sem er 120x50 m að stærð og snýr það ANA-VSV. Innan svæðisins eru fimm minjaeiningar og fær hver þeirra bókstaf til aðgreiningar í lýsingu sem hefst í ANA hluta svæðisins. Þar er allmikill hól A, líklega bæjarhóll. Hann er 50x44 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Hóllinn gengur út úr holti til austurs. Hátt er fram af honum til austurs og suðausturs þar sem hann er allt að 5 m á hæð en vesturhluti hans er um 1 m hærrí en holtið vestan við hann. Talsvert mikið jarðvegsrof er í hólnum þó að enn sé gróðurpekja yfir meirihluta hans. Syðst í honum eru hleðslur að koma í ljós undan sverði og þar má finna kolamola og gjall sem bendir sterklega til þess að þar hafi verið smiðja. Lítið sést af dýrabeinum eða ösku í hólnum en nokkur brot af brenndum beinum og ein stórgripatönn sjást í suðvestanverðum hólnum. Jón Gústafsson, heimildamaður, man eftir því að á eða við hólinn hafi verið talsvert af dýrabeinum þegar hann var að alast upp. 12 m suðvestan við bæjarhól A og 8 m austan við tóft C er hleðsla eða lágreist tóft E. Hún myndar rétt /aðhald en veggirnir eru gerðir úr einfaldri grjótröð. Tóftin er 15x12 m að stærð, snýr norður-suður og er L-laga. Veggirnir eru 0,1-0,2 m á hæð og 0,3 m á breidd. Hleðslan er gerð úr fremur smáu grjóti og erfitt að átta sig á nákvæmri hólfastkiptingu eða opum af þeim sökum. Einnig er mikið af náttúrulegri grjótdreif inni í meintri tóft en veggirnir eru þó greinilegri þar en að utan. Inni í tóftinni er veggjabrot erða grjóthrúga. Hún er 1 m á breidd og þar má sjá 2-3 umför af grjóti, bæði stóru og litlu. Þessi tóft er afar óskýr og erfitt að átta sig á nákvæmu umfangi hennar. Virðist hún vera yngri en aðrar minjar á bæjarstæðinu. Tóft C og grjótpúst D eru austast á hólbungu og er þar mikið af grjóti sem hefur hrunið úr hleðslum á svæði sem er 28x13 m að stærð og snýr norður-suður. Á miðju svæðinu, þar sem það er hæst, er greinileg tóft C sem er 10x5 m að stærð og snýr NNV-SSA. Ekki er að sjá skýrt op á henni og virðist hún vera einföld. Tóftin er að blása upp og eru veggjahleðslur að mestu hrundar. Mjög mikið grjót hefur hrunið til vesturs og eins er stór grjótdreif NNV við tóftina, á flötum stalli. ANA-langveggur tóftarinnar er greinilegastur og er hann 1 m á breidd og 0,2-0,3 m á hæð. Þar eru 2-3 umför greinanleg í hleðslum. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en hún hefur að öllum líkindum verið útihús, mögulega fjós. Grjótpúst D er 3 m sunnan við tóft C. Hún er sýnilega hlaðin úr grjóti sem hefur tilheyrt eldra mannvirki, mögulega tóft C, og er miklu yngri en býlið. Þústin er um 2,5 m í þvermál og 0,5 m á hæð. Mest sjást 3 umför í henni. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi hún var hlaðin en kann að hafa gegnt hlutverki smalakofa. Enn er ótalinn meintur túngarður B sem er 9 m

suðvestan við tóft C. Af honum sést aðeins röð jarðlægra steina sem er 34 m á lengd og liggur norðvestur-suðaustur. Í norðvesturenda er tvöföld röð af steinum sem er um 1 m á breidd en eftir því sem lengra dregur til suðausturs verður garðurinn ógreinilegri. Ekki sást fleiri mannvirki á yfirborði í næsta nágrenni sem líklegt er að hafi tilheyrt þessu eyðibýli en ekki er ósennilegt að frekari mannvistarleifar finnist í túni austan við minjasvæðið.


Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Bjarnastaðir, 2; JÁM, 147

SP-177:015 gerði hlutverk óþekkt

X 577606 Y 548079

Óljós þúst og hálfhringlaga gerði er á norðvesturbakka lækjargils um 90 m norðvestan við býli 022. Miðlína fyrirhugaðrar þrýstipípu Svartárvirkjunar liggur í gegnum mitt gerðið og 10 m suðvestan við þústina.



Mynd 3. Þúst 015, horft til suðurs

Meintar minjar eru í grónum móa. Þar vex fjalldrapi, mosi og gras.

Minjarnar eru á svæði sem er 62x30 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Þær fá bókstafi í lýsingu hér á eftir. Gerði A afmarkar minjasvæðið að norðvestanverðu en það er hlaðið á lága, náttúrulega brún og er 62x20 m að stærð. Það nær ekki alveg niður að bakka lækjargilsins. Gerðið er torfhlaðið, alveg útflatt og virðist vera 2 m á breidd þó að ytri brún þess sjáist víðast ekki. Þústin er á bakka lækjargilsins, litlu norðaustan við mitt gerðið. Hún er um 12x6 m að stærð og snýr norður-suður. Henni hallar lítillega til suðurs og er um 0,2 m á hæð. Bæði gerðið og þústin eru mjög óljósar minjar og ekki útilokað að um náttúrumyndun sé að ræða. Þær eru nálægt fornu býli 022 og gætu tengst búsetu þar. Ekki er fullljóst hvaða hlutverki minjarnar gegndu en gerðið hefur þjónað sem aðhald fyrir skepnur eða afmarkað lítið tún og þústin er að líkindum af einhvers konar skepnuhúsi.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Bjarnastaðir, 3-4

SP-177:016 Geitakofi/Girðing tóft+garðlag geitakofi X 576165 Y 548689

"Sunnar, þar sem Svartá beygir, heitir Hagaeyri, og hæðin ofan við eyrina heitir Hagaeyrarhall. Nær brún sunnan til er tóftarbrot, Geitakofi, og heitir einnig Girðing," segir í örnefnalýsingu. Geitakofi er 30 m sunnan við miðlínu fyrirhugaðrar þrýstipípu, skammt frá Svartá. Þar er tóft, vallargarður og tvær gryfjur. Minjastaðurinn er vestan undir lágu klettabelti, á óræktuðum

túnbletti. Túnslóði er fast austan og sunnan við minjarnar.

Geitakofinn er í óræktuðu, þýfðu túni en við klettana er melur, lyng og kjarrgróður. Svæðið er nýtt til beitar. Vestan við minjarnar eru framræst tún sem eru slegin. Svæðið hallar til vesturs,



Mynd 4. Tóft 016, horft til suðausturs

að Svartá.

Svæðið er 75x30 m að stærð, snýr norður-suður og þar eru fjórar minjar. Hverju mannvirki er gefin bókstafur til aðgreiningar í lýsingu þessari. Geitakofinn fær bókstafinn A. Tóftin er 9x5 m að stærð, snýr ANA-VSV og skiptist í tvö hólf. Veggirnir eru úr torfi og grjóti og má sjá 2-4 umför grjóthleðslu í þeim, bæði að utan og innan. Hleðslurnar eru úr smáu grjóti en sjást þó vel. Hólf 1 er austar. Það er 3x2 m að innanmáli og snýr ANA-VSV. Það er opið til austurs og er grjóthrun þar fyrir að hluta. Hólf 2 er vestar. Það er 3x1,2 m að innanmáli og snýr NNV-SSA. Óljóst mótar fyrir opi í suðausturhorni. Mikil sína vex í tóftinni en ekki er opið á milli hólfanna. Fyrir norðan og sunnan tóftina eru gryfjur B og C. Gryfja B er norðar og er L-laga. Hún er 4x2,5x m að innanmáli, 1 m á dýpt og bakkar hennar brattir. Gryfja C er sunnar. Hún er 4,2x3,1 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Tilgangur gryfjanna er óljós en mögulega voru þær nýttar undir hey, þær eru of stórar til þess að vera eftir efnistöku. Minjar A-C eru á hól sem er 40x15 m að stærð og snýr NNV-SSA. Hóllinn er hæstur og brattastur til norðausturs. Hann fjarar út til annarra átta. Hóllinn er 0,2-1,1 m á hæð og gróinn. Hann er gerður úr upphlöðnum mannvistarlögum að einhverju leyti. Garður D afmarkar minjasvæðið til allra átta nema vesturs. Þar er hann horfinn vegna túnasléttunar. Garðurinn er torfhlaðinn en í botni/grunni hans er grjót. Það sést í nokkrum rofum sem komin eru í vegginn. Hann er 0,2-1,1 m á hæð, grasivaxinn og breiðastur í botninn. Hann er 2-2,5 m á breidd.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir:Ö-Bjarnastaðir, 4

SP-177:017 garðlag túngarður

X 576676 Y 548706

"Kiðuklöpp er þar efst við gilið, þar sem túngirðingin liggur að ánni," segir í örnefnalýsingu. Kiðuklöpp er náttúrulegur hraunhryggur en árið 1897 var hlaðið garðlag eftir honum endilöngum, að sögn Jóns Gústafssonar, heimildamanns. Garðlagið er rúmum 20 m sunnan við miðlínu fyrirhugaðrar þrýstipípu. Á stuttum kafla er annað og líklega yngra garðlag nokkrum metrum vestar og er þeim gefin bókstafur til aðgreiningar í lýsingu þessari.

**Mynd 5. Garðlag 017, horft til suðurs**

Kiðuklöpp liggur til suðurs frá ræktuðum túnum og að Svartá, þar er bratt niður. Umhverfis hraunhrygginn er mosi, lyng og lágreistur kjarrgróður. Víða eru klettur og stakir steinar sem standa uppúr sverði og melur við þá. Ræktuð tún eru til norðurs frá garðlaginu.

Garðlag A er grjóthlaðið og liggur til suðurs frá ræktuðu túni, upp á Kiðuklöpp og endar við gilbrún Svartár. Það er 160 m að lengd og hlykkjast norður-suður eftir hraunhryggnum. Garðlagið er 0,2-0,6 m á hæð og grjóthlaðið. Nyrst er það lítið annað en einföld steinaröð en þegar kemur að klettunum verður hleðslan umfangsmeiri. Þar eru 3-5 umför af einfaldri grjóthleðslu, oft á blábrún klettanna. Mikið hefur hrunið úr garðlaginu á köflum en það er þó greinilegt. Grjótið er vaxið mosa og skófum. Garðlag B er 6 m vestan við garðlag A, neðan við klettana. Það er líklega yngra og hlaðið undir girðingu. Það er 50 m langt og snýr norður-suður. Það sést sem einföld steinaröð af stóru grjóti.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Bjarnastaðir, 5

SP-177:030 tóft óþekkt

X 577462 Y 548205

Stór tóft auk meintrar þústar og garðlags eru um 1,3 km suðaustan við bæ 001 og um 70 m sunnan við vörðu 031. Miðlína fyrirhugaðrar þrýstipípu liggur í gegnum norðaustanverða

**Mynd 6. Garðlag 030 horft til suðvesturs og garðlag/þúst horft til norðurs**


tóftina og 3 m suðvestan við þúst og garðlag.

Minjarnar eru suðvestan undir gróðurlitlu klapparholti í móa sem er vaxinn grasi, lyngi og kjarri. Mýrlent er allt í kring nema til norðausturs þar sem klapparholtið er.

Minjarnar eru á svæði sem er 96x20 m að stærð og snýr NNV-SSA. Þær fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu. Tóft A er í SSA-enda svæðisins. Hún er um 30x14 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hægt er að greina eitt nokkuð skýrt hólfi í suðausturenda hennar sem er um 13x8 m að innanmáli og snýr eins og tóft. Ekki er skýrt op á hólfinu eða tóftinni. Kindagötur liggja austur-vestur yfir norðvesturhluta tóftarinnar og hefur sá hluti aflagast af þeim sökum en þar er annað hólfi sem er 5x6 m að innanmáli og snýr líka norðvestur-suðaustur. Mesta hæð veggja er á suðvesturhlið þar sem þeir eru um 1 m á hæð. Annarsstaðar eru þeir lægri og er innanmál tóftar fremur óskýrt. Tóftin er líklega torf- og grjóthlaðin en þó sést ekki í grjóthleðslur vegna gróðurs. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt.

Mögulega er hún af gömlum beitarhúsum en lögun tóftar auk fjarlægðar frá bæ gefur það helst til kynna. Ef hér er um beitarhús að ræða hafa þau verið allstór. Þúst B er um 5 m norðan við tóft A. Hún er mjög óljós en sker sig úr umhverfinu vegna þess að á henni vex aðeins gras en ekki fjalldrapi. Hún er um 8x5 m að stærð og snýr NNV-SSA. Hún er um 0,1 m á hæð. Frá þústinni liggur óljóst garðlag C til NNV á 45 m löngum kafla og sveigir svo til norðausturs á 18 m löngum kafla og endar ofarlega í klapparholti. Garðurinn er í halla til suðvesturs. Hann er útflattur, 0,1 m á hæð og 1.5 m á breidd.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda



SP-177:031 varða óþekkt

X 577470 Y 548269



Mynd 7. Varða 031, horft til suðurs

Varða er um 1,4 km suðaustan við bæ 001 og um 65 m norðan við tóft 030. Hún er 45 m norðaustan við miðlínu fyrirhugaðrar þrýstipípu.

Varðan stendur hátt á blásnu klapparholti. Niður af því til suðvesturs eru grasigrónar og víða lyngi vaxnar brekkur niður á bakka Svartár.

Varðan er nokkuð gróin. Hún er um 0,8 m á hæð og um 1 m í þvermál að grunnfleti en mjókkar lítillaga upp. Í henni sjást fimm umför hleðslu. Grjótið í vörðunni er skófum vaxið. Hlutverk vörðunnar er ekki þekkt en mögulega hefur hún vísað á tóft 030.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Sp-177:034 garðlag hlutverk óþekkt Sigið og ógreinilegt garðlag liggur frá meintu gerði 015 til norðurs þar sem það hverfur nærri lækjargili. Garðurinn er 27 m norðaustan við miðlínu fyrirhugaðrar þrýstipípu og liggur nokkurn veginn samsíða henni.

Garðurinn er á fremur sléttlendu svæði milli tveggja lækjargilja. Svæðið er grasi vaxið en fjalldrapi er hér og hvar.

Garðurinn er torfhlaðinn, 67 m á lengd og liggur norðvestur-suðaustur. Hann er 1-1,5 m á breidd og nær varla 0,2 m hæð þar sem hann er hæstur. Garðurinn er fornlegur og líklegt að hann tengist búsetu í býli 022. Ekki er ljóst hvaða hlutverki hann gegndi en líklega er um vörslugarð að ræða.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

X 577556 Y 548159



Mynd 8. Garðlag 034, horft til norðvesturs

Sp-177:035 garðlag vörslugarður Grjóthlaðið garðlag er fast vestan við vegslóða, vestan við miðlínu fyrirhugaðrar þrýstipípu. Raflína er 30-40 m sunnan við garðlagið og kindum er gefið þar í járngrind. Garðlagið er varðveitt í nokkrum hlutum og það glittir í girðingarstaura nyrst í því. Eftir því sem sunnar dregur verður garðlagið umfangsmeira.

Garðlagið liggur eftir stórgrýttu svæði og fylgir lágri klettabrún að hluta til norðurs. Hér og þar koma klappir uppúr sverði en grasivaxin tún eru vestan við garðlagið. Kjarrgróður vex á milli hraunklappanna og steinanna á stöku stað. Þar sem garðlagið beygir til vesturs endar það við grasivaxið tún.

Garðlagið er L-laga og afmarkar svæði sem 155 x 60 m að stærð og snýr norður-suður. Það er grjóthlaðið, líklega undir girðingu nyrst og varðveitt í fjórum bútum. Á milli þeirra eru klappir. Garðlagið er að mestu hlaðið úr einfaldri steinaröð en stærð steinanna er misjöfn. Það er 0,2-0,7 m á breidd og hæst 0,5 m til suðurs. Þar eru 3-4 umför af grjóti. Garðlagið er komið í grasivaxið, framræst tún til vesturs.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

X 576229 Y 549031



Mynd 9. Garðlag 035, horft til ASA.

SP-177:036 Hundamór frásögn mógrafir

X 576430 Y 550194

Að sögn Jóns Gústafssonar, heimildamanns, var mótekja í svokölluðum Hundamó. Hann man eftir tveimur stökum svarðargröfum þar á vesturbakka Dalsgrófar. Mógrafirnar lenda í austurjaðri áhrifasvæðis fyrirhugaðs jarðstrengs úr Svartárvirkjun en eru horfnar af yfirborði. Þar sem mógrafirnar voru er grasivaxið tún sem komið er í órækt.

Engin ummerki mógrafanna sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

SP-177:037 varða hlutverk óþekkt

X 577072 Y 548630



Mynd 10. Varða 037, horft til SSA

Vörðubrot er 2 m norðaustan við miðlínu fyrirhugaðrar þrýstipípu, í brekku sem hallar til vesturs niður af grjóthrygg. Tilgangur hennar er óljós. Ræktað tún er neðan við brekkuna.

Vegslóði er fast vestan við vörðuna og lækjargil til norðurs. Varðan er á brún holtsins, allt umhverfis hana er melur.

Varðan er hrunin eða grjót var borið úr henni þannig að lítið er eftir nema grunnur hennar. Varðan er hringlaga, rúmir 2 m í þvermál og 0,2 m á hæð. Hún er lítið annað en einföld, hringlaga grjóthleðsla.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

SP-177:038 varða samgöngubót

X 576315 Y 550267



Mynd 11. Varða 038, horft til ANA

Varða er rúma 20 m vestan við miðlínu fyrirhugaðs jarðstrengs úr Svartárvirkjun, vestan við Dalsgróf. Varðan er uppi á lágum melhrygg en vegslóði er þar skammt vestar. Vírgirðing er 10-15 m til austurs frá vörðunni. Fleiri vörður sjást til norðurs og suðurs sem bendir til þess að um leið sé að ræða. Þær voru ekki mældar upp þar sem þær lentu utan áhrifasvæðis jarðstrengsins. Austan við fyrrnefnda girðingu eru gróin, ræktað tún, austan við Dalsgrófina. Til vesturs er uppblásið svæði, melhólar og klettur.

Varðan er sem fyrr segir uppi á lágum melhól. Hún er 1,5m að grunnflatarmáli og

0,2-0,3 m á hæð. Það má sjá 2-3 umför grjóthleðslu í henni en hún er hrunin að einhverju leyti. Varðan er grjóthlaðin og má sjá skófir og mosa á steinum.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda


SP-177:039 tóft hlutverk óþekkt

X 576361 Y 550156

Lítill tóft er 5 m vestan við miðlínu fyrirhugaðs jarðstrengs úr Svartárvirkjun, tæpum 40 m

norðan við Vaglagerði 010. Vírgirðing er 20 m vestar en jarðrask hefur orðið skammt norðan við tóftina.

Upblásinn melur og náttúrulegir hólar eru þessum slóðum. Jarðrask hefur orðið hér, víða má sjá að stórum steinum hefur verið safnað saman, óljós bílför og steypubrot eru einnig hér. Þetta er allt rask frá 20. öld.



Mynd 12. Tóft 039, horft til suðurs

Tóftin er hlaðin úr smásteinum sem mynda einfalda grjótröð í melnum. Til vesturs afmarkast tóftin af fjórum stórum steinum, mun stærri en annars eru í tóftinni. Veggirnir eru 0,1-0,2 m á hæð, 0,3 m á breidd og grjóthlaðnir. Tóftin er 5x3 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur og skiptist í þrjú hólf. Hólf 1 er vestast. Það er 2x0,5 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Það er opið til suðurs og gengið þar inn í tóftina. Annað op er í norðausturhorni, yfir í hólf 2. Það hólf er í miðju tóftarinnar og er 2x1,2 m að stærð. Op er til norðvesturs sem áður var lýst en annað til austurs, yfir í hólf 3. Það hólf er austast í tóftinni og er 1,5x1,5 m að innanmáli.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

SP-179 Lundarbrekka

SP-179:020 vegur leið

X 579373 Y 544874

Á Herforingjaráðskorti nr. 73 sést leið liggja milli Lundarbrekku og Engidals. Þessi leið er m.a.



Mynd 13. Varða 01 og varða 02

gömul póstleið og er vel vörðuð. Leiðin sést fyrst um 400 m ANA við bæ 001. Fjórar af austustu vörðum hennar sem skráðar voru eru þvert yfir áhrifasvæði ráðgerðrar háspennulínu, eins og hún var sýnd á aðalskipulagsupprætti sveitarfélagsins. Fleiri vörður voru skráðar sumarið 2015 í Engidal í tengslum lagningu jarðstrengs úr Svartárvirkjun. Sá kafli var fast vestan við heimatún Engidals. Leiðin hefur af þessum sökum ekki verið rakin á vettvangi í heild sinni. Leiðin liggur frá ræktuðum túnnum sem komin eru úr notkun og upp á hálent og gróðursnautt svæði á milli Kálfaborgararfells og Steinafells.



Mynd 14. Varða 04 og rudd vagngata

Sumarið 2014 var leiðin var skoðuð á svæði sem er um 1,3x0,4 km að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Þar sem leiðin sést næst Lundabrekku 001 liggur hún skáhallt upp grýtta og gróðurlitla hlíð til suðausturs. Þar er leiðin rudd og er 1-2 m á breidd. Meðfram ytri brún vegarins er grjóthlaðinn garður sem fær sérstakt númer (021) en var ekki skráður á vettvangi þar sem hann er utan þess svæðis sem átti að aðalskrá í tengslum við eldri legu háspennulínu. Garðurinn liggur meðfram leiðinni á um 270 m löngum kafla en beygir þá til SSA og tengist fleiri görðum. Leiðin heldur hins vegar áfram upp brekkuna til suðausturs en beygir svo til austurs þegar komið er upp á brekkubrún. Þaðan verður leiðin ógreinilegri og miklu mjórri en í brekkunni. Varða A er fyrsta varðan á leiðinni sem sést en þó er hún um 45 m norðan við hana. Varðan stendur hátt og er skófum vaxin og stæðileg. Hún er um 1,1 m á hæð og 0,8 m í þvermál. Í henni sjást 7-8 umför grjóts. Frá þessari vörðu heldur leiðin óljóst áfram til austurs og hverfur svo í mýrardragi. Röð varða er svo um 335 m norðan við vörðu A. Ætla má að þær séu á sömu leið og ruddi vegurinn og varða A en að hægt hafi verið að fara fleiri en eina leið niður brattann að bænum. Í vörðuröðinni voru skráðar 12 vörður. Þær eru á kafla sem er um 950 m á lengd og liggur norðaustur-suðvestur. Vörðurnar eiga það sameiginlegt að vera ekki vandlega hlaðnar og hafa margar þeirra hrunið. Sumar hafa verið endurhlaðnar og eru hæstu vörðurnar um 1,4 m á hæð. Þær virðast ekki vera mjög gamlar en erfitt er að átta sig á aldri þeirra. Fjórar austustu vörðurnar eru innan áhrifasvæðis raflínu. Sumarið 2015 var fyrirhugað áhrifasvæði vegna lagningu jarðstrengs úr Svartárvirkjun skoðað. Þar kemur þessi leið við sögu, þar sem hún kemur að heimatúni Engidals. Þar liggur leiðin fyrir sunnan svokallaðan Bæjarás. Þar er hún rudd og myndar "lág" niður ásinn. Hún er 2 m breið og 0,5 m á dýpt. Þar eru jafnframt fjórar vörður sem hér fá tölustafi til aðgreiningar. Varða 1 er við þjóðveginn að Engidal. Hún er grjóthlaðin, 0,3x0,3 m að grunnflatarmáli og 0,3 m á hæð. Varðan er hlaðin úr meðalstóru grjóti sem ekki er vaxið skófum. Varða 2 er tæpum 70 m vestar. Hún er stæðileg og hleðslurnar standa enn. Hún er 1x1 m að grunnflatarmáli og 0,8 m á hæð.

Þar má sjá 3 umför af frekar stóru grjóti. Varða 3 er 65 m VSV. Hún er hrunin en botn hennar sést að hluta. Grjótdreif er við botninn. Varða 4 er 75 m suðvestar. Hún er fremur lítil og samanstendur af fjórum steinum sem staflað er upp. Varðan er uppi á brún Bæjarássins.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Herforingjaráðskort nr. 73 1:100 000

SP-180 Engidalur

SP-180:008 vegur leið

X 579376 Y 556989

"Vestur af mýrinni og austan undir Bæjarás er þurrlendi og sléttlendi, sem heitir Holt. Eftir Holtunum eru reiðgötur, og við þær er uppblástur, á þriðja kílómetri á lengd; þetta heitir Langaflag," segir í örnefnalýsingu. Núverandi þjóðvegur, Mývatnsheiðarvegur 8819, liggur eftir Langaflagi, og er í austurjaðri áhrifasvæðis fyrirhugaðs jarðstrengs. Að sögn Kristlaugar Pálsdóttur, heimildamanns, má greina reiðgötur á stöku stað beggja vegna flagsins sem er yfir 1,5 km að lengd.

Mývatnsheiðarvegur 8819 liggur eftir Langaflagi sem er uppblásinn melur. Beggja vegna þess er kjarrgróður og stórpýfi. Svæðið er í aflíðandi halla til austurs og hér og þar eru lágir stallar. Langaflag sést ennþá og malarvegur eftir því endilöngu. Reiðgötunar eru horfnar að mestu enda voru þær líklega aðallega í melnum.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Engidalur, 3-4

SP-180:010 Bótargötur vegur leið

X 579258 Y 555644

"Frá suðurenda Langaflags [sjá 008] liggja veiðimannagötur að Bótinni, og heita þær Bótargötur," segir í örnefnaskrá. Bótargötur sjást ennþá og þar er bíslóði allt að Kálfaborgarvatni til vesturs. Vegurinn er notaður af ábúendum í Engidal til veiða í vatninu. Ekki er vitað hvort að reiðgötur voru á þessum stað áður en vegurinn var gerður en það verður að teljast líklegt. Leiðin liggur þvert yfir legu fyrirhugaðs jarðstrengs úr Svartárvirkjun. Landinu hallar til austurs, niður náttúrulegan ás. Þar vex kjarrgróður og svæðið er stórpýft.

Vegurinn er 3 m breiður og jeppafær. Ekki

sér til paldra við veginn þar sem hann liggur þvert yfir legu fyrirhugaðs jarðstrengs. Víða er grjót sem stendur upp úr sverði. Vegurinn liggur allt frá þjóðvegi 5518 að Kálfaborgarvatni en var einungis skoðaður innan áhrifasvæði jarðstrengsins.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Engidalur, 4



Mynd 15. Bótargötur 010, horft til norðvesturs

SP-180:021 Vatnsgötur vegur leið

X 579302 Y 555044



Mynd 16. Vatnsgötur 021, horft til austurs

"Vatnsgötur liggja þvert yfir [Bæjar-]ásinn, beint vestur frá túninu," segir í örnefnalýsingu. Vatnsgötur liggja til vesturs að Kálfaborgarvatni og þar er nú vegslóði sem ennþá er notaður. Líklega voru þarna reiðgötur áður en vegslóðinn var ruddur. Vegurinn liggur þvert yfir fyrirhugaða miðlínu jarðstrengs úr Svartárvirkjun.

Vatnsgötur liggja til vesturs frá bæ 001, upp Bæjarásinn. Þar er lágrestur kjarrgróður og stórbýfi. Það er brekka til austurs, niður ásinn.

Ekki sér til reiðgatna við veginn. Líklega voru þetta götur í upphafi sem síðar hurfu

undir veginn.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Engidalur, 4

SP-180:022 vegur leið

X 578966 Y 552953

Vegur liggur milli Engidals og Bjarnastaða SP-177. Hann liggur frá þjóðvegi 5518 sunnan við Engidal, sveigir til vesturs milli Steinafells og Rauðafells og síðan til suðurs að Bjarnstöðum.

Ekki er ljóst hversu gamall vegurinn er en hann er ekki sýndur á gömlum kortum. Leiðin fær að njóta vafans og hér talin til fornminja. Vegurinn var ekki rakin nema innan fyrirhugaðs áhrifasvæðis jarðstrengs úr Svartárvirkjun.

Lágrestur kjarrgróður og stórbýfi er austan við Steinafell. Þar er brekka sem hallar til austurs. Þegar vestar dregur, upp á milli Steinafells og Rauðafells verður svæðið gróðursnauðara og uppblástursflákar eru víða. Þar liggur vegurinn á grjótmel.

Vegurinn er 2-3 m breiður og fær jeppum. Í landi Engidals liggur hann yfir gróið svæði. Þegar hærra dregur verður vegurinn




Mynd 17. Vegur 022, horft til suðvesturs

breiðari og möl í botninum. Ekki sér til reiðgatna meðfram veginum. Vegurinn liggur á tveimur stöðum þvert yfir áhrifasvæði fyrirhugaðs jarðstrengs. Fyrst er það austan undir Steinafelli, þar sem vegurinn liggur til VSV frá þjóðveginum. Í seinna skiptið er það í landi Bjarnastaða, við suðausturhorn Steinafells.

Hættumat: stórhætta

SP-180:023 þúst samgöngubót
Lítill og lág þúst er í vesturhlíðum smápýfðs áss austan við mýrlendi og vestan við Jafnafell. Hún er 30 m austan við götur 024 og er mögulega leifar af torfvörðu sem varðaði þá leið. Miðlína fyrirhugaðs jarðstrengs er 36 m austan við þústina. Umhverfis þústina er að mestu gróið svæði, lyngi vaxið. Fast norðan við hana er skarð í ásin sem liggur austur-vestur. Slík skarð eru víðar í ásnum og stærri rofsvæði. Þústin er um 3 m í þvermál og 0,3 m á hæð. Hún er lyngi vaxin en lítil grasi gróin hundapúfa er efst á henni. Ekki sést grjót í henni.

X 579197 Y 558227



Mynd 18. Þúst 023, horft til norðvesturs

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

SP-180:024 gata leið
Götur liggja neðst í lágum ás sem er austan við mýrlendi og vestan við Jafnafell. Þúst 023 er 30 m austan við göturnar og virðast þær beygja upp á ásin upp skarð sem er norðan við þústina. Miðlína fyrirhugaðs jarðstrengs liggur yfir göturnar á 8 m löngum kafla. Leiðin liggur um gróið svæði þar sem hún var skoðuð en víða eru ógrónir og grýttir melar þar sem jarðvegsrof er í ásnum sem leiðin liggur með.

X 579169 Y 558236



Mynd 19. Götur 024, horft til suðurs

Göturnar eru grónar og sjást 6-7 saman á 8 m breiðu svæði. Þær eru 0,2-0,3 m á dýpt og breidd. Ekki er ljóst á hvert þessi leið lá en mögulega er um aðra útfærslu á leið milli Hörgsdals og Engidals (sjá 192:034) að ræða en af loftmynd að dæma virðast þessar tvær leiðir sameinast 530 m SSA við þúst 023.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

SP-192 Hörgsdalur

SP-192:017 gata leið

"Stutt neðan við Vestari-Stekkjargróf [015] er Stangarvað [016] á Föxugróf. Þar lá gamli vegurinn í Stöng." segir í örnefnalýsingu.

Göturnar sjást í túninu en hlaðið hefur verið upp í hliðið á túngarðinum þar sem þær lágu í gegn. Þær má síðan rekja yfir endann á Bæjarás en í mýrinni þar austan við eru torfvörður með um 30 m millibili allt að Stangarvaði. Vörðurnar eru 0,5-1 m háar og sennilega ekki gamlar.

Heimildir: Ö-Hörgsdalur, 7.

SP-192:033 gata leið



Mynd 20. Leið 033, horft til ASA

sjást 4-5 götur saman á 5 m breiðu svæði. Flestar þeirra eru grónar og eru 0,1-0,2 m á breidd og 0,2-0,3 m á dýpt.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

SP-192:034 gata leið



Mynd 21. Leið 034, horft til norðurs

víðast 0,2 m á dýpt.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

SP-192:036 þúst hlutverk óþekkt

Þúst er á lágri hæð um 180 m norðvestan við Þrælagerði 013 og 100 m norðan við leið 033. Miðlína fyrirhugaðs jarðstrengs er 9 m ASA við þústina.

X 579394 Y 561637

Götur sjást stefna í SA yfir Bæjarásinn, austan við þann stað sem bíslóðin yfir Jafnafell beygir til suðurs. Þessar götur liggja í Gautlönd og er framhald þeirra í Stangarlandi SP-194b:027 en þær götur sameinast svo Stangargötum í Gautlandalandi skammt austan við Selgróf. Fyrirhugaður jarðstrengur milli Svartárvirkjunar og Laxárvirkjunar liggur þvert á þessar götur.

Leiðin liggur um smápýfðan lyngmóa með kjarri og fjalldrapa. Hér og hvar eru blautir mýrablettir.

Þar sem leiðin var skoðuð á áhrifasvæði jarðstrengs liggur hún ASA-VNV og þar

X 579033 Y 559911

Greinilegar götur eru á leið milli Hörgsdals 001 og Engidals SP-180:001 sem liggja á leið 180:008 í Langaflagi í landi Engidals. Miðlína fyrirhugaðs jarðstrengs liggur í gegnum göturnar á einum stað.

Þar sem leiðin var skoðuð liggur hún um pýfðan lyngmóa og rennur lækur meðfram henni að austanverðu á kafla. Á loftmynd má sjá að þegar sunnar dregur liggur leiðin á löngum köflum um uppblásna mela.

Þar sem jarðstrengur liggur yfir leiðina eru átta götur saman á 10 m breiðu svæði. Sumar gatnanna eru grónar en aðrar eru enn farnar af sauðfé og eru þær síður grónar. Göturnar eru 0,1-0,2 m á breidd og

Hæðin sem þústin er á er smápýfð og lyngi vaxin. Bogadregin laut er sunnan við hæðina og er hún grasi vaxin.

Þústin er um 3x3 m að stærð og 0,2 m á hæð. Ekki sést móta skýrt fyrir innri brúnum veggja. Sami gróður er á þústinni og umhverfis hana. Hlutverk þústarinnar er ekki augljóst en ekki er útilokað að þetta sé varðan Hundapúfa 032 sem ekki tókst að staðsetja þegar gerð var aðalskráning á jörðinni 1996. Einnig getur verið um aðra torfvörðu að ræða eða jafnvel heystæði þó að ekki sé mikið um slægjur í næsta nágrenni nema ef vera skyldi í lautinni sunnan við þústina.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda



Mynd 22. Þúst 036, horft til norðvesturs


SP-192:037 tóft heystæði

X 579690 Y 562612

Lítill tóft, líklega af heystæði, er niður við Föxugróf um 920 m norðan við þúst 036. Hún er vestarlega á grónum tanga í grófinni. Miðlína fyrirhugaðs jarðstrengs er 39 m vestan við tóftina.

Tanginn sem tóftin er á er stórpýfður og þurr og mikil sina á honum.

Tóftin er torfhláðin og er 2,5x2,5 m að stærð og er op á henni til vesturs. Veggir hennar eru 0,2-0,3 m á hæð og 0,6 m á breidd. Stærð og lögun tóftar og staðsetning benda helst til þess



Mynd 23. Þúst 037, horft til austurs

að hún sé heystæði.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

SP-194b Stöng

SP-194b:015 Svarðarskot náma mógrafir

X 579781 Y 562629

"Föxugróf heitir milli Stangar og Hörgdals. ... Í Föxugrófarbotni er Svarðarskot. Þar var tekin svörður." segir í örnefnalýsingu. Föxugrófarbotn og þar með Svarðarskot er ekki við upptök

Föxugrófar eins og ætla mætti, heldur vestan við suðurenda Grófaráss þar sem mýrinni vestan við hann sleppir til suðurs en þar beygir grófin til vesturs.

Grafirnar eru í deiglendum móa milli suðurenda mýrarinnar og Föxugrófar.

Grafirnar sjást á allstóru svæði sem blaut flög milli þúfna og er langt komið að gróa yfir þær. Á þessum stað þótti úrvalssvörður og komu þar upp handleggjasverir lurkar. Síðast var tekinn svörður á þessum stað 1947.


Heimildir: Ö-Stöng, 6.

SP-215 *Birningsstaðir*

SP-215:001 *Birningstaðir* bæjarhóll bústaður

X 578805 Y 586730

Bærinn á Birningsstöðum er sýndur vestarlega innan gamla heimatúnsins á túnakorti frá 1919. Bæjarhóllinn sést ennþá, uppi í aflíðandi brekku sem og hlaðinn grunnur síðasta íbúðarhússins en bærinn fór í eyði 1976. Þremur trjám hefur verið plantað í grunni hússins og setja þær svip sinn á staðinn. Sumarhús með afgirtri lóð er austan



Mynd 24. Bæjarhóll 001, horft til norðurs

við bæjarhóllinn, fast austan við útihús 003. Jörðin er í eigu afkomenda síðustu ábúenda og nýtt af þeim.

Heimatúnið er slétt og grasivaxið. Það var sléttað en ennþá má sjá þústir í túninu. Þar voru útihús umhverfis bæinn og tóft af einu þeirra er ennþá varðveitt. Túnið er nýtt til sauðfjárbeitar og sláttar. Þjóðvegur liggur skammt austan við túnið, inn Laxárdal.

Bæjarhóllinn er 35x31 m að stærð og á honum eru tóftir síðustu húsa á staðnum. Hóllinn er 0,5-1 m á hæð, sléttur og hæstur til norðurs. Hann er lægstur til vesturs, upp í

brekkuna. Hann er áberandi í sléttu túninu. Tóftir bæjarhúsanna eru á miðjum hólnum og þar eru tvö hólf. Íbúðarhúsið er vestar og kallast í lýsingu þessari hólf 1. Það er 10x8 m að innanmáli og snýr norður-suður. Veggirnir eru 1 m á hæð, 2 m á breidd og má sjá 6-8 umför af grjóti innan í þeim. Hér var timburhús sem annað hvort var rifið eða flutt í burtu. Stór, stakur steinn er inni í hólfinu hjá trjánnum. Hólfið er opið til suðurs. Hólf 2 er austar. Það er niðurgrafið, 3 m

djúpt, og standa veggirnir enn. Það er 5,5x4,3 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Til norðurs er útskot í veggnum. Að utan eru veggirnir 0,3-0,4 m á hæð en að innan um 3 m að hæð. Það eru 8-12 umför af grjóti þar.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir:Túnakort 1919

SP-215:002 þúst útihús

X 578790 Y 586713

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús 30 m suðvestan við bæ 001, vestarlega í heimatúninu. Það er horfið en lágrest þúst ber því nú merki. Útihúsið er 29 m austan við miðlínu fyrirhugaðs jarðstrengs úr Svartárvirkjun.

Heimatúnið er slétt og grasivaxið. Það er í aflíðandi halla til austurs, niður að Laxá.

Þústin er 8x5 m að stærð, 0,2 m á hæð og snýr NNW-SSA. Hún er algróin, slétt en útjaðrar hennar eru óskýrir. Greinilegt er að mannvist er ennþá hér undir sverði.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir:Túnakort 1919




Mynd 25. Þúst 002, horft til suðurs

SP-215:004 tóft útihús

X 578801 Y 586676

Samkvæmt túnakorti frá 1919 er útihús rúma 60 m sunnan við bæ 001, í vesturhluta heimatúnsins. Tóftir útihússins eru ennþá varðveittar og það líklega notað þangað til fastri ábúð var hætt á jörðinni. Útihúsið er á lágum hól sem líklega er uppsöfnuð mannvistarlög að



Mynd 26. Tóft 004, horft til norðurs

mestu. Það er 39 m austan við miðlínu fyrirhugaðs jarðstrengs úr Svartárvirkjun.

Heimatúnið er slétt og grasivaxið. Það er í aflíðandi halla til austurs, niður að Laxá. Rétt norðvestan við útihúsið rennur bæjarlækurinn í gegnum túnið.

Tóftin er 17x9 m að stærð, snýr norður-suður og skiptist í tvö hólf. Þetta er fjárhús með hlöðu. Lýsingin hefst til suðurs, í hólf 1 og þar voru fjárhúsin. Það er 6,5x3,2 m að innanmáli og snýr norður-suður. Veggirnir eru úr torfi og grjóti, 1,2 m á hæð og 2 m á breidd. Tekið er að hrynja úr veggjunum. Efstu 20 cm eru torfhlaðnir en annars má greina 5-6 umför af grjóti í þeim. Inni

í hólfinu er steyppt fjárbað og garði í framhaldi af því. Hólfið er opið til suðurs. Hólf 2 er norðar og er hlaða. Ekki má greina op þar inn á yfirborði né er hún niðurgrafin. Veggirnir eru 0,8 m á hæð og gerðir úr torfi og grjóti. Þar má sjá 2-3 umför af smáu grjóti.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir:Túnakort 1919

SP-215:006 heimild um útihús

X 578778 Y 586820

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús 100 m NNV við bæ 001, skammt austan við túngarð 040. Það er horfið af yfirborði og ekki langt síðan plægt var yfir svæðið, það má sjá ummerki þess við túngarðinn. Þar er um 0,2-0,4 m brún sem sýnir hversu mikið er horfið af yfirborði og er sárið ekki gróið. Miðlína fyrirhugaðs jarðstrengs úr Svartárvirkjun er 18 m vestan við áætlaða staðsetningu útihússins.

Heimatúnið er slétt og grasvaxið. Það er í aflíðandi halla til austurs, niður að Laxá.

Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir:Túnakort 1919

SP-215:012 *Ásgeirsstaðir* heimild um býli/sel

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá árinu 1712 segir að Ásgeirsstaðir hafi verið í eyði sl. 20 ár. Þar er býlið kallað heimaland Grenjaðarstaðar, er eign staðarins og á kirkjusókn þangað. Dýrleiki er óviss. Einnig nefndir Argeirstader og Árgilsstaðir. Þar segir ennfremur: "Torfrista og stunga bjargleg ...Túnið er fordjarfað af langvarandi órækt. Engjar eru smáfengnar á dreif í gjótum innan um hraunið og með ánni...Þetta kot er nú lénað og tillagt til beitar Birningstaða ábúanda, og hefur jafnan þeirri jörðu fylgt, síðan kotið lagðist í eyði." Í bókinni Lýsing Þingeyjarsýslu I segir: "Ásgeirsstaðir voru sjálfstæð jörð í stöðugri byggð fram um 1690, en féll þá undir Birningsstaði, enda voru báðar jarðirnar eign Grenjaðarstaða." "Neðan við hlíðina [?] eru Árgilsstaðir, nefndir Ásgeirsstaðir 1712." segir í örnefnaskrá. Beitarhús 013 voru byggð innan heimatúns Ásgeirsstaða og þar má enn sjá slétt tún, túngarð og vegg úr beitarhúsunum. Ekki er vitað með vissu hvar bærinn var staðsettur en líklega var það á sama stað og beitarhúsin þótt að greinileg ummerki hans sjáist ekki. Ásgeirsstaðir eru rúmum 1,6 km norðan við Birningsstaði 001.

Slétt, grasvaxið tún er á þessu svæði. Ekki er langt síðan túnið var plægt, það má sjá um 0,2 m brún við túngarðinn og mikið af jarðvegi er horfinn af þeim sökum. Um 15 m suðaustan við beitarhús 013 sést upphækkun í túninu og mögulega var býlið þar. Upphækkunin er um 50 m austan við miðlínu fyrirhugaðs jarðstrengs úr Svartárvirkjun, í jaðri áhrifasvæðisins.

Engin ummerki býlisins sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir:Ö-Birningsstaðir,2 ; JÁM XI,202; LP I, 279


SP-215:013 hleðsla beitarhús

X 578857 Y 588378

"Þarna hjá [Ásgeirsstöðum 012] er flói, Ásgeirsstaðaflói. Þarna voru beitarhús, og er nú nefnt Beitarhúsatún," segir í örnefnaskrá. Hér má sjá veggjarbrot og túngarð umhverfis tún sem nýtt er til sauðfjárbættar. Túnið hefur verið sléttað og beitarhúsin rífin nema þessi eini veggur. Minjarnar eru 25-50 m austan við miðlínu fyrirhugaðs jarðstrengs úr Svartárvirkjun og rúmum 1,6 km norðan við Birningsstaði 001. Þjóðvegur inn Laxárdal liggur í gegnum túnið.

Túnið er slétt, grasvaxið og nýtt til beitar. Það er í aflíðandi halla til austurs en vestan þess er brött brekka, upp á fjall. Skógur er ofarlega í henni. Víða eru lækjardrög sem renna niður

brekkuna.



0 30 m



Mynd 27. Beitarhús 013, horft til norðurs


Beitarhúsin fá í lýsingu þessari bókstafinn A. Þau eru horfin af yfirborði, utan þessa veggjar sem líklega var hluti af vesturvegg þeirra. Veggurinn er 10x2 m að stærð og snýr norður-suður. Hann er úr torfi og grjóti, 1,2 m á hæð og það má greina 4-6 umför grjóthleðslu í honum. Ekki sér til frekari minja á yfirborði. Túngarður B skiptist í tvo hluta en einungis vestari hlutinn var mældur upp á vettvangi, eystri hlutinn er fyrir utan áhrifasvæði jarðstrengsins. Túngarðurinn sem mældur var afmarkar svæði sem er 230x90 m og snýr norður-suður. Hann er gerður úr torfi og grjóti en stór hluti er einnig einungis torfhláðinn. Hann er 0,6- 1,2 m á hæð, 2 m á breidd og vírgirðing er eftir honum endilöngum. Hér og þar er rof, aðallega vegna ágangs sauðfjár. Fast vestan við túngarðinn er skurður, þar er vatni veitt frá honum og frá túninu.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir:Ö-Birningsstaðir,2

Sp-215:036 tóftir hlutverk óþekkt Norðarlega í landi Birningsstaða, um 80 m vestan við malarveg um Laxárdal, er stórt fornlegt gerði. Innan þess eru tvær tóftir og ein tóft er sambyggð því. Tóftirnar eru á þurru hjalla í norðaustanverðum hlíðum Þorgerðarfjalls en gerðið umhverfis þær afmarkar einnig deiglent svæði suðvestan við tóftirnar og svæði í brekku norðaustan við þær. Miðlína fyrirhugaðs jarðstrengs er 35 m vestan við gerðið sem afmarkar minjasvæðið en tóftirnar eru utan áhrifasvæðis hans.

X 578525 Y 589771



0 30 m

Minjarnar eru á grónu svæði og einkennist gróður af lyngi, lágum kjarrgróðri og grasi. Suðvestast á svæðinu er blaut mýri en um miðbik svæðisins og norðaustast á því er þurrt og mjög stórbýft, einkum er stórbýft í lægð á miðju svæðinu sunnan og vestan við tóftirnar. Minjarnar eru á svæði sem er 120x90 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Þær fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingunni hér á eftir. Gerði C sem afmarkar svæðið er torfhlaðinn. Hann er siginn, sérstaklega þar sem hann liggur um mýrlendi, en annarsstaðar er hann genginn í þýfi og illgreinanlegur af þeim sökum. Hann er víða 3 m á breidd og hæstur er hann um 0,7 m þar sem hann er í stórbýfi. Dýjauppspretta er norðaustarlega innan gerðisins og hefur vatnsagi frá þeirri uppsprettu rofið garðinn á stuttum kafla. Einnig er uppspretta fast norðanvestan við garðinn, um 15 m norðvestan við tóft A. Þar hefur vatnsagi einnig valdið því að garðurinn er orðinn ógreinilegur á kafla. Ekki er ólíklegt að vatnsból hafi verið í þeirri uppsprettu ef búseta hefur verið á þessum stað í lengri eða skemmri tíma. Óljós tóft er áföst gerðinu innanverðu og er hún litlu norðaustan við miðja norðvesturhlið þess. Hún er 5 m norðan við tóft A. Tóft þessi er 5,5x4,5 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Óljóst op er á henni til suðvesturs. Veggir hennar eru nánast útflattir. Tóft A er fremur fornleg tóft sem er 4 m suðaustan við norðvesturhlið gerðis C. Hún skiptist í fjögur greinileg hólf og er 26x18 m að stærð. Tóftin virðist vera torfhlaðin og snýr ANA-VSV. Hólf I er í ANA-hluta tóftarinnar og er það stærst. Það er 15x2 m að innanmáli og snýr eins og tóft. Op er úr því til VSV í hólf II og einnig er op (mögulega rof) á því í suðvesturhorni. Hólf II er VSV við hólf I og er það 3x3,5 að innanmáli og snýr NNV-SSA. Það kann að hafa verið op úr því til NNV í hólf III en það sést ekki skýrt. Hólf III er NNV við hólf II. Það er 3,5x1,5 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Op er á því til NNV frá norðurhorni. Hólf IV er í SSV-horni tóftarinnar. Það er 3,5x1 m að innanmáli og snýr ASA-VNV. Op er á því til VNV. Veggir tóftarinnar eru signir og grónir og eru 0,3-0,4 m á hæð þar sem þeir eru hæstir. Þúfnakragi er utan við VSV-verða tóftina.



Mynd 28. Tóft 036b horft til suðurs og gerði C horft til vesturs

Mögulega er óljóst hólf norðaustan við hólf III, í horninu á milli hólfa I og III en það er illgreinanlegt vegna þýfis. Tóft B er 3 m NNA við tóft A. Hún virðist nokkru yngri en tóft A og bendir lögun hennar til þess að hún sé gömul beitarhúsatóft. Tóftin er 16x6 m að stærð og snýr NNV-SSA. Hún er tvískipt og torfhlaðin. Hólf I er í SSA-enda tóftarinnar. Það er 7x2,5 m að innanmáli, snýr eins og tóft. Op er á miðjum ANA-langvegg. Hólf II er í NNV-enda tóftar. Það er 3,5x2 m að innanmáli og snýr VSV-ANA. Op er í VSV enda þess. Veggirnir í NNV-enda tóftarinnar eru lægri og mjórri en í SSA-enda hennar. Mesta hleðsluhæð er 0,5 m. Ekki sjást fleiri mannvirki innan gerðisins en þau kunna að leynast í stórbýfinu. Ekki er ljóst hvaða hlutverki gerði C og tóft A hafa gegnt en mögulega hefur verið lítið býli á þessum stað sem fór

í eyði fyrir mörgum öldum. Ekki verður skorið úr um aldur eða hlutverk nema með frekari rannsóknum.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

SP-215:037 kantur hlutverk óþekkt

X 578482 Y 589648

Kantur er rúmum 60 m suðvestan við gerði 036, norðarlega í landi Birningsstaða. Hann er ofarlega í brattri brekku, skammt austan við fornt garðlag 039. Kanturinn er 5 m austan við miðlínu fyrirhugaðs jarðstrengs úr Svartárlínu.

Kanturinn er á grónu svæði og einkennist gróður af lyngi, lágum kjarrgróðri og grasi. Norðvestar og vestar er blaut mýri við brekkuræturnar.

Kanturinn er 6 m að lengd og 0,8 m á hæð. Hann er torfhladdinn og grasivaxinn. Hann sker sig úr nánasta umhverfi af þeim sökum. Rof er í miðjum kantinum og ekki sér glitta í grjótt þar. Tilgangur hans er óljós en líklega tengist hann ágangi vatns sem kemur víða niður brekkuna á þessum slóðum.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda



Mynd 29. Kantur 027, horft til vesturs

SP-215:038 garðlag vörslugarður

X 578370 Y 589885

Forn garðlög eru nærri norðurmerkjum Birningsstaða sem sjást 70 m VNV við tóftir 036 og 220 m vestan við malarveg í Laxárdal. Minjunum hefur þegar verið raskað af lögn sem hefur verið plægð niður. Miðlína fyrirhugaðs jarðstrengs liggur í gegnum öll garðlögin sem sáust á vettvangi þegar áhrifasvæði hans var tekið út.

Garðlögin eru í aflíðandi brekku norðaustan í Þorgerðarfjalli. Í brekkunni er lyng- og kjarrmói og mýrablettir hér og hvar. Lækjargil liggja þvert á brekkuna og hafa valdið skemmdum á garðlögunum.

Garðlögin sjást á svæði sem er 300x130 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Fjögur



Mynd 30. Garðlag 038a horft til norðurs og garðlag 038b horft til austurs

garðlög eru greinanleg á svæðinu og fær hvert þeirra bókstaf til aðgreiningar í lýsingu hér á eftir. Garðarnir eru að líklega að mestu leyti torfhlaðnir. Þvergarður A er á miðju svæðinu og liggur ANA-VSV. Yngri garður er ofan á honum og er lengri til beggja átta en forngarðurinn og hefur verið vírgirðing ofan á honum því hér og hvar sjást leifar af girðingastaurum í garðinum. Óljóst er hversu langt upp í hlíðina til VSV garðurinn nær en honum var fylgt á 130 m löngum kafla til ANA þar sem hann endar greinilega og yngri garðurinn tekur við niður að malarvegi. Garðurinn er 3 m á breidd og 0,2 m á hæð, torfhlaðinn. Fjargata liggur eftir garðinum. Garður C liggur frá ANA-enda á garði A til SSA á 65 m löngum kafla og virðist þá beygja upp til suðvesturs að garði B. Garður C er einnig 3 m á breidd og neðri brún hans er allt að 1 m á hæð. Garður C myndar ferkantað gerði með görðum A og B sem er 76x32 m að innanmáli og snýr NNV-SSA. Garður B er völdugasti garðurinn af þeim fjórum sem sést á svæðinu. Hann sést fyrst 70 m VNV við tóftir 036 og er vel greinanlegur á 140 m löngum kafla þar sem hann liggur SSV-NNA að garði A. Þaðan verður hann óljósari en sést á 70 m löngum kafla með sömu stefnu. Þá kemur 60 m löng eyða þar sem garðurinn sést ekki á yfirborði en sést aftur óljóst á 37 m löngum kafla þar sem hann liggur norður-suður. Þar er hann neðan við brún í hlíðinni. Hvorki sést framhald af honum uppi á brúninni né neðan við hana. Þar sem garðurinn er greinilegastur er hann 4 m á breidd og er 0,2-0,5 m á hæð. Enn er ótalið óljóst garðlag D sem virðist liggja af garði B í sveig til NNV um 30 m NNV við garð A. Meintur garður er 3 m á breidd og 0,5 m á hæð. Hér gæti verið um náttúrumyndun að ræða. Ætla má að garðar þessir séu vörslugarðar.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

SP-215:039 garðlag vörslugarður

X 578463 Y 589623

Að sögn Jóns Benediktssonar, ábúanda að Auðnum SP-218, er garðlag í brekkunni upp af



Mynd 31. Garðlag 039, horft til suðurs

minjum 036. Hann telur það tilheyra hinu forna garðlagakerfi sem víða er að finna á þessum slóðum. Jón er fæddur og uppalinn á Birningsstöðum. Garðlagið er norðarlega innan landsvæðis Birningsstaða, rúmum 50 m suðvestan við minjar 036. Garðlagið er 17-25 m austan við miðlínu fyrirhugaðs jarðstrengs úr Svartárvirkjun.

Garðlagið er á grónu svæði og einkennist gróður af lyngi, lágum kjarrgróðri og grasi. Norðvestar og vestar er blaut mýri við brekkuræturnar og fjarar garðlagið þar úr til beggja átta. Garðlagið er á nokkurs konar stalli þegar komið er niður fjallið, niður á láglandi.

Garðlagið er 80 m langt og 3 m á beidd. Það er 0,3-0,5 m á breidd og algróið kjarri og lyngi. Það er líklega torfhlaðið en lítið sem ekkert rof er að sjá í því. Það hlykkjast norður-suður og hverfur í mýri til beggja átta. Til norðurs sveigir garðlagið til austurs áður en hann fjarar út. Mögulega sameinaðist það minjum 036 en mýrlent er á milli þeirra og engin ummerki um garðinn eru sjáanleg á yfirborði. Ekki er ljóst hvort að garðurinn kemur aftur upp sunnan við mýrina, það svæði var utan athugunarsvæðisins.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

SP-215:040 garðlag túngarður

X 578761 Y 586820

Á túnakorti frá 1919 afmarkar túngarður heimatúnið til allra átta nema að austan, þar var Laxá látin ráða. Túngarðurinn er ennþá varðveittur, þó ekki í sömu útgáfu og sést á túnakortinu. Túnið hefur verið stækkað til norðurs og suðurs og hlutar túngarðsins komnir í skurð til norðausturs. Þjóðvegur inn Laxárdal liggur þvert í gegnum heimatúnið. Túngarðurinn liggur eftir miðlínu fyrirhugaðs jarðstrengs úr Svartárvirkjun til vesturs að stórum hluta. Heimatúnið á Birningsstöðum náði upp í brekkuna að vestan og niður að Laxá til austurs. Til vesturs er gróin, brött fjallshlíð með lækjarsprænum víða og skriður hafa fallið á túnið. Til austurs er hraun meðfram ánni. Túnið er slétt, grasivaxið og nýtt til sauðfjárbeitar.



Mynd 32. Túngarður 040, horft til suðurs

Túngarðurinn afmarkar svæði sem er 490x290 m að stærð og snýr norður-suður. Túnið var stækkað á einhverjum tímamarki til norðurs og suðurs en ennþá má sjá eldri túngarðinn til austurs við Laxá. Það svæði var ekki mælt upp, það er utan við áhrifasvæðis jarðstrengsins. Túngarðurinn er horfinn í slétt tún og mýrlendi að hluta. Að norðan var túngarðurinn rakinn frá vélgröfnum skurði til suðurs. Þar er hann 0,6-2 m á hæð, 2,5 m á breidd og torfhlaðinn. Hann er mun hærrí innan túnsins en fyrir utan. Girt er eftir honum endilöngum með vírgirðingu. Sunnan við bæ 001 er túngarðurinn mun umfangsminni, 1 m á breidd og 0,3 m á hæð. Þar fjarar hann út í mýri.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir:Túnakort 1919

SP-215:041 hleðsla brunnur

X 578817 Y 586713

Úr hlíðinni ofan við heimatúnið falla nokkar lækjarsprænur og er ein þeirra sínu mest. Þetta var líklega bæjarlækurinn og endar hann við hlaðið mannvirki, líklega brunn eða vatnsból. Vélgrafin renna liggur eftir hluta lækjarins og er vatni veitt þar að sumarhúsi í rorum. Mannvirkið er 55 m austan við miðlínu fyrirhugaðs jarðstrengs úr Svartárvirkjun. Skriður hafa fallið á heimatúnið og víða má sjá ummerki þess. Brunnurinn er 17 m sunnan við bæ 001.



Mynd 33. Brunnur 041, horft til vesturs

Brekkan er algróin, brött og vaxin birki og kjarrgróðri. Víða eru lækjarsprænur sem renna niður fjallið en lítið sem ekket vatn var í þeim þegar skrásetjari var á ferðinni. Mannvirkið er í sléttu heimatúninu.

Brunnurinn samanstendur af hlaðinni stíflu í lækjarfarveginum, steinhellu og steinþró undir henni. Stíflan er 2x1 m að stærð, snýr norður-suður og er grjóthlaðin. Hún er 0,5 m á hæð og þar má sjá 2-3 umför grjóthleðslu. Fyrir austan stífluna er grjóthella og undir henni holrými/steinþró þar sem vatni var safnað saman. Ekki mótar fyrir brunnhúsi á yfirborði en mögulega var bygging hér yfir.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

SP-215:042 garðlag vörslugarður

X 578792 Y 588438



Mynd 34. Garðlag 042, horft til suðvesturs

Að sögn Jóns Benediktssonar, ábúenda á Auðnum SP-218, er fornt garðlag upp af túninu á Ásgeirsstöðum 012. Garðlagið sést enn og er 4 m vestan við miðlínu fyrirhugaðs jarðstrengs úr Svartárvirkjun.

Brekkan er brött og vaxin birki þegar ofar dregur. Það er lágur kjarrgróður, mosi og lyng allt umhverfis og á garðlaginu.

Garðlagið er óljóst, er 28x2,5 m að stærð og liggur norðaustur-suðvestur. Það er 0,3-0,5 m á hæð og umfangið er mest til suðausturs. Það fjarar út í brekkuna til suðvesturs og hverfur í mýrlendi til norðurs.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

SP-215:043 garðlag hlutverk óþekkt

X 578480 Y 589621

Tvö lítil garðlög eru tæpum 90 m suðvestan við gerði 036 og 10 m austan við garðlag 039.



Mynd 35. Garðlög 043, horft til austurs

Garðlögin eru uppi í hlíðinni, á sama stalli og garðlag 039 en ekki eru skýr tengsl á milli þessara mannvirkja. Garðlögin eru 18 m austan við miðlínu fyrirhugaðs jarðstrengs úr Svartárvirkjun.

Minjarnar eru á grónu svæði og einkennist gróður af lyngi, lágum kjarrgróðri og grasi. Blautir mýrarflákar eru inn á milli kjarrgróðursins.

Hleðslurnar eru á svæði sem er 12x6,5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hleðsla A er sunnar. Hún er 12x1 m að stærð og 0,3 m á hæð. Hún er algróin lyngi og kjarrgróðri og sker sig ekki úr nánsta umhverfi. Hleðsla B er norðar og er minni. Hún er 5x1 m að hæð og

örlítið bogadregin. Að öðru leyti eru þær eins. Ekki er ljóst hver tilgangur þeirra er, mögulega eru þær tengdar fleiri mannvirkjum á þessum slóðum.


Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

SP-216 Halldórsstaðir

SP-216:041 Geitakofi tóft geitakofi

X 579123 Y 584190

"Skammt suður af Bæjarlæk, eins og 20 metra á holtaröðinni ofan við bæ, er hátt holt, sem



Mynd 36. Tóft 041, horft til suðvesturs

heitir Geitakofi og ber við loft frá bæ séð," segir í örnefnaskrá. Geitakofi er um 100 vestan heimatúnsins, á litlu holti eða hól. Fyrir vestan heimatúnið hækkar landið upp á svokallað holtaröð. Þar er tóft á holtinu sem eins og nafnið ber með sér var geitakofi. Tóftin er áberandi og sést vel þegar komið er upp á holtaröðina. Geitakofi er 30 m austan við miðlínu fyrirhugaðs jarðstrengs. Vírgirðing er 20-30 m vestan við tóftina.

Óræktað tún er umhverfis tóftina. Það hefur líklega verið sléttað að einhverju leyti. Þarna er gras, fjalldrapi og lyng í stórþýfi á köflum.

Tóftin er 8x8 m að stærð, einföld og hringlaga. Hún er opin til NNV. Veggirnir eru 0,3-0,5 m á hæð, 2-3 m.

Hættumat: hættu, vegna framkvæmda

Heimildir:Ö- Halldórsstaðir, 10

SP-216:042 Mylluholt hleðsla mylla

X 579115 Y 584292

"Norður af honum [Geitakofa 041], út undir Brennilek, er Mylluholt, þar eru tættur", segir í örnefnaskrá. Enn má sjá L-laga hleðslu og handgrafinn skurð þar sem að myllan var. Myllutóftin er hins vegar hofin. Myllan var norðvestan við heimatúnið, um 100 m norðan við Geirakofa. Myllan er 25 m austan við miðlínu fyrirhugaðs jarðstrengs.

Myllan var rétt utan heimatúnsins, norðan við Brennilek. Þar eru sléttir grasbalar við lækinn og er myllan á einum slíkum, þar sem lækurinn kvíslast. Lágir hólar eru á þessum slóðum og er svæðið allt gróið lágum kjarrgróðri, mosa og lyngi.



Mynd 37. Mylla 042, horft til norðurs

Mannvirki tengd myllunni eru á svæði sem er 30x17 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hleðsla A er norðan við Brennislæk. Hún er 14x6,5 m að stærð og er L-laga. Hún er 0,4-0,5 m á hæð og gerð úr torfi og grjóti. Fyrir austan hleðsluna er lækjarfarvegur B, þar kvíslast lækurinn og var nyrðri lækurinn stíflaður. Hann er nú þurr og jarðvegsbálgur á milli lækjanna. Skurðurinn er niðurgrafin að hluta, hann er 0,8 m djúpur og 1 m á breidd. Bakkarnir eru beinir og brattir. Nú er jarðvegur á milli lækjanna sem rennur ekki þarna lengur.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö- Halldórsstaðir, 10

SP-216:058 varða hlutverk óþekkt

X 579239 Y 583153

Tvær vörður eru á blásnum melhól, syðst í landi Halldórsstaða, við landamerki þverár SP-217. Vörðurnar eru 42 m vestan við miðlínu fyrirhugaðs jarðstrengs úr Svartárvirkjun og 1,1 km sunnan við bæ 001. Tilgangur þeirra er óljós, fleiri vörður eru á melhólum hér og ekki virðist vera um leið að ræða.



Mynd 38. Vörður 058 A og B horft til vesturs

Lágreistur kjarrgróður og heiði. Víða eru grunn lækjardrög og mýrar á milli lágra melhóla. Hólarnir eru grónir en melur á toppi þeirra.

Vörðurnar eru á svæði sem er 9x2 m að stærð og snýr norður-suður. Varða A er sunnar. Hún er hlaðin uppi á jarðföstu grjóti, 3x1 að stærð og 0,7 m á hæð. Varðan sjálf er 1x1 m að grunnmáli, 0,5 m á hæð og fremur lítil. Það eru 4 umför af grjóthleðslu í henni. Varða B er 5 m norðar. Hún er hrunin og má sjá grjótdreif umhverfis þær hleðslur sem enn standa. Varðan er á jarðlægu grjóti og einungis neðsta umfarið sést enn. Það er 1x1 m að stærð og 0,2 m á hæð.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

SP-216:059 varða óþekkt

X 578873 Y 585510

Varða er í miðri fjallshlíð, norðarlega í landi Halldórsstaða. Varðan er 1,3 km norðan við bæ 001, þar sem fjallshlíðin lækkar niður í Laxárdal. Raflína er 100 m austan við vörðuna sem sést ekki fyrr en uppi í hlíðina er komið. Varðan er 22 m vestan við miðlínu fyrirhugaðs jarðstrengs úr Svartárvirkjun. Fjallshlíðin er ekki mjög brött né há á þessum slóðum. Hún er gróin, fjalldrapi, lyng og mosi eru mest áberandi. Varðan er á stalli í brekkunni en ekki sér til annarra minja á þessum slóðum.



Mynd 39. Varða 058, horft til austurs

Varðan er hlaðin á klett, neðst er stór hella með þremur steinum ofan á. Varðan er 1 m á hæð og 0,9 x 0,9 m að grunnflatarmáli. Hún er stæðileg en tilgangur hennar er óljós.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

SP-216:060 garðlag vörslugarður

X 578973 Y 584820

L-laga garðlag liggur til austurs, niður bratta hlíð skammt vestan við raflínu í vestanverðum Laxárdal. Garðlagið er tæpa 650 m norðan við bæ 001 og er 5 m vestan við miðlínu fyrirhugaðs jarðstrengs úr Svartárvirkjun. Ekki er ólíklegt að garðlagið sé hluti af hinu forna garðlagakerfi sem er að finna á þessu landsvæði.



Mynd 40. Garðlag 060, horft til austurs

Brött fjallshlíð í halla til austurs. Víða eru lækjarskorningar og vot svæði. Svæðið er gróið, mosi, lyng og fjalldrapi eru mest áberandi.

Garðlagið er sem fyrr segir L-laga og sést best þegar horft er til austurs, niður hlíðina. Það er 21x18 m að stærð og liggur austur-vestur. Það er 0,5 m á hæð og 2-2,5 m á breidd. Það er algróið lyngi og lágrestum kjarrgróðri. Þegar vestar dregur verður garðlagið óskýrt og fjarar út.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

SP-216:061 gata leið

X 579127 Y 584100

Leið liggur til suðurs frá Stórulaugargötu 661:032, sunnan undir holtinu sem kuml 062 eru á.



Mynd 41. Leið 061, horft til suðurs

Það kallast að öllum líkindum Berjaholt. Leiðin sést einna best austan við holtið en fjarar út rétt áður en komið er að túni sem kallast Spóabúfunýrækt. Ekki er vitað hvert leiðin lá eða hvert framhald hennar er. Leiðin er 4-25 m austan við miðlínu fyrirhugaðs jarðstrengs úr Svartárvirkjun.

Leiðin liggur eftir grónu svæði, austan undir hólaröð. Mosi, lyng og fjalldrapi eru áberandi.

Leiðina má rekja á 70 m löngum kafla og liggur norður-suður. Nyrst eru nokkrir paldrar sem fljótlega sameinast og líkist síðan kindagötu.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

SP-216:062 kuml legstaður

X 579098 Y 584085



Mynd 42. Kumlateigur 062, mynd úr skýrslunni Archaeological investigations at a prospective burial field at Halldórsstaðir, Laxárdalur eftir Gísli Pálsson og Adolf Friðriksson

Á lágu holti/hól, vestan við heimatún Halldórsstaða fannst kumlateigur fyrir nokkrum árum. Holtið kallast að öllum líkindum Berjaholt í örnefnalýsingu Halldórsstaða. Hann er tæpum 250 m VSV við bæ 001 og kumlin eru uppi á háholtinu. Þrjár leiðir liggja við holtið, Stórulaugagata 661:032 til norðurs, leið 061 til suðurs og leið 661:029 fyrir vestan holtið. Ekki ber á kumlunum fyrr en að þeim er komið, þau er um 10 sem greina má á yfirborði. Miðlína fyrirhugaðs jarðstrengs úr Svartárvirkjun liggur þvert í gegnum kumlateigin.

Berjaholt er 63x32 m að stærð og snýr norður-suður. Það er 1-1,5 m á hæð og vaxið fjalldrapa, mosa og lyngi. Holtið er slétt og ekki sér glitta í grjóti þar.

Sem fyrr segir er holtið greinilega afmarkað og er lágt. Hlíðar þess eru aflíðandi og sléttar en kumlin eru uppi á því miðju, þar sem það er hæst. Þau eru á svæði sem er 36x13 m að stærð og snýr norður-suður. Þau sjást sem "dokkir" eða holur og eru þær 8-10 talsins en ekki er hægt að skera til um fjölda þeirra nema með umfangsmeiri fornleifarannsókn.

Dokkirnar eru 0,3 m á dýpt og óljóst mótar fyrir veggjum eða upphleðslu meðfram syðstu holunum. Dokkirnar eru misjafnar að stærð en allar eru þær 0,2-0,3 m á dýpt. Jafnframt snúa

þær allar gróflega NNV-SSA. Í lýsingu þessari er þeim gefið númer til aðgreiningar. Stærsta dokkin sem hér fær númerið 1 er nyrst. Hún er 5,5x1,2 m að stærð og óljóst mótar fyrir "hleðslu" í miðju hennar. Mögulega eru þetta því tvö kuml. Kuml 2 er þremur metrum sunnar og er 1x1 m að stærð. Það er lítið annað en hola. Kuml 3 er þremur metrum suðvestar og er 2,5x1,5 m að stærð. Það er greinilegt og er vestast af kumlunum. Kuml 4 er tæpum fimm metrum austar og er 4,5x1,5 m að stærð. Kuml 5 er sjö metrum suðvestan við kuml 3. Það er 3,8x1,8 m að stærð. Kuml 6 er tæpum sex metrum suðaustar og er 3,7x1,8 m að stærð. Kuml 7 er fast sunnan þess og er 1x1 m að stærð. Kuml 8 er tveimur metrum sunnar og er 2,5x1,8 m að stærð. Það er uppi á holtinu. Fyrir norðan kuml 4 mótar fyrir lítilli hleðslu. Hún er 3,8x1,1 m að stærð, 0,3 m að hæð og grasivaxin. Hleðslan snýr norður-suður líkt og kumlín. Inn á milli kumla 4 og 6, nánast fyrir miðju, er útflött, hringlaga tóft. Hún er 8 m í þvermál og 0,2 m á hæð en er röskuð til suðvesturs. Innanmál tóftarinnar 3,5x3,5 m en ekki mótar fyrir opi.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda



Mynd 43. mynd úr skýrslunni Archaeological investigations at a prospective burial field at Halldórsstaðir, Laxárdalur eftir Gísla Pálsson og Adolf Friðriksson

SP-216:063 garðlag hlutverk óþekkt

X 579108 Y 583987

Garðlag sést fyrir vestan grasivaxið tún, svokallaða Spóaþúfunýrækt. Það tún er suðvestan við heimatúnið á Halldórsstöðum. Garðlagið liggur í lág, milli tveggja gróinna melhóla til norðurs og suðurs, um 320 m suðvestan við bæ 001. Garðlagið er 8 m austan við miðlínu fyrirhugaðs jarðstrengs úr Svartárvirkjun. Ekki er ljóst hvort að hér er um hluta af hinu forna garðlagakerfi að ræða sem er víða að finna á þessu landsvæði.

Garðlagið liggur á grónu svæði, þar er fjalldrapi, lyng og mosi áberandi inn á milli gróinna melhóla.

Garðlagið er 55 m að lengd, 2 m að breidd og liggur norðvestur-suðaustur. Það er 0,3-0,4 m á hæð og náði líklega

lengra til beggja átta. Til austurs var því raskað þegar túnið var sléttað en til norðvesturs fjarar það út í heiðinni. Meðfram suðurhliðinni er grunnur lækjarfarvegur en til norðurs eru ummerki um efnistöku. Garðlagið er gróið, aðallega fjalldrapa, lyngi og mosa.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda



Mynd 44. Garðlag 063, horft til VNV

SP-217 Þverá

SP-217:060 gata leið



Mynd 45. Leið 060, horft til austurs

X 579858 Y 577352

Óverulegar götur liggja þvert yfir Laxárdalsheiði um 860 m norðan við leið 287:028 í landi Brúnar (Hallbjarnarstaða). Miðlína fyrirhugaðs jarðstrengs liggur í gegnum göturnar.

Göturnar sjást fyrst austan við mýrarflóa og liggja til austurs um þýfðan lyng- og kjarrmóa.


Þar sem leiðin var skoðuð á áhrifasvæði jarðstrengs sjást 1-2 götur saman á 1,5 m breiðu svæði. Mögulega er aðeins um fjárgötur að ræða. Víðast sést aðeins ein gata sem farin er af sauðfé. Leiðin liggur fast norðan við kolagröf 062 og er greinilegust í stórþýfðum móa austan við hana þar sem hún liggur á milli stórra þýfna og er gróin. Ekki er ljóst á hvaða leið þessar götur eru.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

SP-217:062 gryfja kolagröf

X 579770 Y 577393

Kolagröf er fast sunnan við leið 060 og um 60 m norðan við leið 287:028. Hún er austast í lægð sem hlykkjast norður-suður. Miðlína fyrirhugaðs jarðstrengs er 31 m austan við kolagröfina. Lægðin sem kolagröfin er í er um 10 m á breidd og 2 m á dýpt. Hún er þýfð og vaxin mosa og



Mynd 46. Kolagröf 062, horft til norðurs

lyngi. Í móanum austan og vestan við lágina vex lágt kjarr.

Kolagröfin er um 3x3 m að stærð og eru hún fremur ferköntuð að lögun. Innanmál gryfjunnar er um 1 m í þvermál en utan við hana er upphlaðinn kantur sem er 0,2-0,3 m á hæð. Óljóst op er á þessum kanti í vesturhorni.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

SP-217:064 tóft hlutverk óþekkt

X 579671 Y 578974

Greinileg tóft er á Laxárdalsheiði um 1,6 km norðan við kolagröf 062 á flata austan við lága ása sem eru austan við mýrarsund. Miðlína fyrirhugaðs jarðstrengs er 18 m austan við tóftina. Tóftin er í lyngmóa þar sem vex lágur kjarrgróður. Gróðurinn næst tóftinni er fremur rýr og



Mynd 47. Kolagröf 064, horft til vesturs

þurr þó að þar séu einnig kjarrbrúskar. Í og við tóftina er mikið af óbrenndu viðarkurli. Tóftin er 7x8 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er torfhlaðin og einföld og eru veggir hennar 2-3 m á breidd og 0,3-0,5 m á hæð. Ekki sést skýrt op á tóftinni en óljóst má greina op inn í hana úr suðaustri. Í kringum stærstan hluta tóftarinnar er grunn rás og jarðvegskragi utan við hana. Rásin er ekki meðfram vestur- og suðvesturhluta tóftarinnar þar sem veggirnir eru breiðastir. Rásin er 0,5-1 m á breidd og er líklega pæla. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt. Gróðurfarið á tóftinni og í kringum hana gæti bent til þess að tóftin sé í raun mjög stór kolagröf en úr því verður ekki skorið nema með nánari rannsókn.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

SP-217:068 gata leið

X 579631 Y 579235

Götur sjást á stuttum kafla í Laxárdalsheiði 60 m vestan við þúst 070 og 42 m suðaustan við tóft 066. Miðlína fyrirhugaðs jarðstrengs er 30 m austan við göturnar.

Göturnar liggja um þýfðan lyngmóa.

Göturnar voru raktar á 140 m löngum kafla þar sem þær beygja upp úr lægðinni þar sem tóft 066 er og liggja eftir grynri og mjórri lægð í heiðinni. Þar sem þær koma upp frá tóft 066 liggja þær í sveig frá norðvestri til suðurs og halda þaðan nokkuð stefnunni norður-suður. Mest sjást 6 götur saman á um 4 m breiðu svæði en áður en leiðin hættir að sjást til suðurs fækkar götunum hratt niður í eina götu. Göturnar eru 0,1-0,2 m á breidd og dýpt. Ekki er ljóst á hvaða leið þessar götur eru en þær kunna að hafa legið að tóft 066.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda




Mynd 48. Leið 068, horft til norðurs

SP-217:070 þúst kolagröf

X 579771 Y 579232

Lág þúst er norðvestast í hringlaga lægð um 80 m norðaustan við götur 068 og 260 m norðan við tóft 064. Af gróðri og stærð þústarinnar að dæma er líklegt að hér sé um kolagröf að ræða.



Mynd 49. Kolagröf 070, horft til suðurs

Miðlína fyrirhugaðs jarðstrengs er 32 m vestan við þústina.

Utan við lægðina sem þústin er í vex kjarr en innan hennar einkennist gróðurfarið af mosa, skófum og lítilsháttar grasi. Eitthvað er um lyng og kjarr hér og hvar.

Þústin er um 4 m í þvermál og er 0,1-0,2 m á hæð óljóst má greina hluta af innanmáli grunnrar lægðar í suðvesturhluta þústarinnar.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

SP-217:072 gata leið

X 579739 Y 579217



Mynd 50. Leið 072, horft til suðausturs

Allgreinilegar götur í Laxárdalsheiði liggja fast norðaustan við þúst 070 og eru 70 m norðaustan við leið 068. Miðlína fyrirhugaðs jarðstrengs fer í gegnum göturnar.

Göturnar liggja um þýfðan lyngmóa.

Leiðinni var fylgt á um 180 m löngum kafla. Hún liggur norðvestur-suðaustur og er með stefnu á Ljótstaði 219:001 en ekki er ljóst hvaðan hún kom eða hvert hún lá. Þar sem göturnar liggja næst kolagröf 070 sjást 3 götur á 2 m breiðu svæði. Miðgatan er farin af sauðfé og er hún djúp og ógróin. Eftir því sem lengra dregur til norðvesturs er ein gata greinilegust sem hefur grafist niður og 1-2 götur sjást meðfram henni. Leiðin liggur

svo áfram að mestu leyti í ógróinni rás sem er allt að 0,5 m á dýpt og 0,3-1 m á breidd. Norðvestast á þeim kafla sem skoðaður var á vettvangi eru götur og rásir á 15 m breiðu svæði þar sem leiðin liggur niður aflíðandi halla til norðvesturs. Þær eru að mestu grónar.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

SP-217:074 gata leið

X 579585 Y 579523

Greinilegar götur eru í Laxárdalsheiði um 200 m norðan við leið 072 og 600 m sunnan við leið 076. Miðlína fyrirhugaðs jarðstrengs liggur yfir göturnar. Ekki er ljóst á hvað leið göturnar eru.

Leiðin liggur um þýfðan lyngmóa.

Göturnar eru 2-3 saman á svæði sem er 2-5 m á breidd. Ein þeirra er ógróin. Göturnar eru 0,1-0,2 m á breidd og dýpt.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda



Mynd 51. Leið 074, horft til suðvesturs

SP-217:076 gata leið

X 579510 Y 580151

Götur á óþekktari leið í Laxárdalsheiði eru 630 m norðan við leið 074 og 690 m sunnan við mógrafir 078. Miðlína fyrirhugaðs jarðstrengs liggur í gegnum göturnar.

Leiðin liggur um þýfðan lyngmóa.

Götunum var fylgt á um 240 m löngum kafla þar sem þær liggja frá suðvestri um grasi vaxna og ílanga lægð til norðausturs upp lága brekku. Göturnar eru greinilegastar í lægðinni þar sem sjást 8 götur saman á 5 m breiðu svæði. Þær eru grónar og eru 0,1-0,2 m á breidd og dýpt. Þær verða óskýrari og fækkar ört þegar komið er úr lægðinni og upp brekkuna.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda




Mynd 52. Leið 076, horft til SSA

SP-217:077 gata leið

X 579325 Y 581899

Leið er sýnd á Herforingjaráðskorti nr. 72 frá árinu 1933. Leiðin liggur til vesturs frá bæ 001, sveigir síðan til suðvesturs þegar komið er yfir Þverá og sameinast þar leið 661:052 sem lá frá Auðnum yfir Laxárdalsheiði. Arnórgötur 661:003 sameinuðust einnig þeirri leið í landi Þverár. Leiðin sést vel þar sem áhrifasvæði fyrirhugaðs jarðstrengs er og liggur þar þvert yfir. Það má greina tvær útgáfur þessarar leiðar, fyrri leiðin er þar sem bíslóði liggur en hin er nokkuð sunnar. Leiðin var aðeins skoðuð innan áhrifasvæðis jarðstrengsins og ekki rakin að öðru leyti. Báðar útgáfur leiðarinnar sjást á mun stærra svæði og hægt að rekja þær á loftmynd.

Leiðin liggur upp brekku sem hallar til austurs og upp á Laxárdalsheiði. Þar sem áhrifasvæði jarðstrengsins er liggur leiðin í gróinni heiði. Þar eru melhólar víða, lágreistur kjarrgróður og mýrarflákar. Nyrðri útgáfan er vegslóði en sá syðri götur.



Mynd 53. Leið 033, horft til norðausturs

hefur verið fjölfarin, umfang hennar er slíkt.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Herforingjaráðskort 1:100 000

SP-217:078 náma mógrafir

X 579375 Y 581009

Djúpar og greinilegar mógrafir eru 130 m sunnan við Þverárgil um 2 km suðvestan við bæ 001 og 690 m norðan við leið 076. Miðlína fyrirhugaðs jarðstrengs er 42 m austan við mógrafirnar.



Mynd 54. Mógrafir 078, horft til suðurs

Mógrafirnar eru í flötu mýrlendi þar sem hallar undan mýrinni til norðurs í átt að Þverárgili.

Mógrafirnar eru á svæði sem er 28x30 m að stærð og snýr norður-suður. Tvær stórar gryfjur eru á svæðinu og á milli þeirra er 5 m breitt haft. Þær snúa norður-suður og er sú austari allt að 1,5 m á dýpt en sú vestari er víðast litlu grynri en er mjög djúp í norðvesturhorni þar sem enn stendur djúpt vatn. Þar er gryfjan a.m.k. 2 m djúp en ekki

sést til botns í henni. Aðrir hlutar mógrafanna eru að miklu leyti grónir og deiglendir en ekki stendur vatn í þeim nema að litlu leyti.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

SP-217:079 varða hlutverk óþekkt

X 579257 Y 582699

Varða er á Ytri-Þverdalshæð norðlega í landi Þverár. Varðan er tæpa 1,3 km vestan við bæ 001 og er 50 m vestan við miðlínu fyrirhugaðs jarðstrengs frá Svartárvirkjun. Varðan er á melhól sem er uppblásinn efst en hlíðarnar grónar. Fleiri vörður sjást á þessum slóðum, utan áhrifasvæðisins og mögulega er þetta hluti af varðaðri leið.

Varðan er á grónum svæði, þar er lágrestur kjarrgróður mest áberandi, lækjardrög og votir mýrarflákar. Víða eru álíka melhólar og vörður á nokkrum þeirra.

Varðan er hlaðin á jarðföstum steini sem er 0,4 m á hæð og nánast ferantaður. Varðan er vel hlaðin og stendur enn. Hún er 0,5-0,6 m á hæð og 1x1 m að grunnflatarmáli. Það eru 6 umför grjóthleðslu í vörðunni og er hún strýtumynduð. Grjótið er vaxið skófum. Ummerki um aðra vörðu sjást rétt austar en hún er hrunin eða grjót hefur verið borið úr henni.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda



Mynd 55. Varða 079, horft til vesturs

SP-224 Grenjaðarstaður

SP-224:055 varða

X 577232 Y 591614

Varða er uppi á melhól, í brekku norðan í Þorgerðarfjalli. Varðan er nyrst í Laxárdal en fleiri vörður eru til vesturs, utan áhrifasvæðis fyrirhugaðs jarðstrengs. Varðan er 125 m vestan við malarveginn inn dalinn en sést ekki frá honum. Miðlína fyrirhugaðs jarðstrengs úr Svartárvirkjun er 20 m til suðausturs frá vörðunni.

Varðan er á lágum melhól, í brekku sem hallar til norðausturs. Hún er á mörkum gróðurlendis og mela sem eru ofarlega í fjallinu. Raflína er skammt norðvestan við vörðuna.

Varðan er lítil, 0,3 m á hæð og 1 m að grunnmáli. Í henni má greina 3 umför grjóthleðslu en grjótdreif er til norðausturs, líklega úr vörðunni. Hún er illa hlaðinn og líklega ekki mjög forn.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda



Mynd 56. Varða 055, horft til austurs

SP-224:057 garðlag vörslugarður

X 578104 Y 590319

Fornlegur garður er 30 m suðvestan við tóft 056 og 312 m norðaustan við garð 215:038B í landi Birningsstaða. Mögulega eru garðarnir hluti af sama garðakerfi en þessi garður er þó mun mjórri en garður 215:038B. Þar sem miðlína fyrirhugaðs jarðstrengs kemst næst sýnilegum hluta garðsins er hún 15 m suðvestan við garðinn.

Garðurinn er í hlíðum Þorgerðarfjalls í halla til austurs. Þar er þýfður lyngmói með lækjargiljum.



Mynd 57. Garðlag 057, horft til norðurs

Á því svæði sem tekið var út vegna jarðstrengsins sést garðurinn á 156 m löngum kafla en er þó rofinn á stuttum kafla af lækjargili. Garðurinn er torfhlaðinn og er 1,5-2 m á breidd og 0,2-0,5 m á hæð. Hann liggur NNA-SSV og hverfur í þýfi til SSV en í mýri til NNA. Ætla má að garðurinn hafi gegnt hlutverki vörslugarðs.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

SP-285 Víðar

SP-285:017 Víðatóft tóftaþyrping býli

X 580671 Y 570598

"Við suðvesturhorn Mávatsns, austan undir Víðafelli nyrzt, er eyðibýlið Víðatóft...Þarna sér




Mynd 58. Tóft B horft til NNA og garðlag C horft til vesturs

fyrir tóftum, og hér voru í eina tíð beitarhús frá Víðum. [...] "En heimildarmaður minn [Geir Ásmundsson] hefur heyrt, að það hafi heitið Einarstaðir.", segir í örnefnaskrá." Óljóst mótar fyrir tóftum þessum auk garðlaga við suðvesturhorn Mávatsns, ofan (vestan) vegarins, rétt um það leyti sem gamli vegurinn kemur í ljós neðan þjóðvegur. Tvö garðlög og tóft lenda 5-50 m vestan við miðlínu fyrirhugaðs jarðstrengs úr Svartárvirkjun. Teknir voru þrjú skurðir í garðlögin árið 2010 og benda niðurstöðurnar til þess að býlið hafa nú þegar verið komið í eyði undir lok 12. aldar eða jafnvel fyrir 1150.

Hæðótt lyng- og mosabrekka í halla mót suðaustri. Mikið rask hefur orðið í brekkunni. Þar var tekið efni, líklega við vegagerð, en sennilega ekki eftir 1970. Af þessum sökum hafa slóðar verið gerðir á tveimur stöðum upp brekkuna og er töluvert rask umhverfis þá.

Minjarnar samanstanda af þremur garðlögum, fjórum tóftum og lind. Þær eru á svæði sem er 180x170 m að stærð og snýr norður-suður. Í lýsingu þessari er hverju mannvirki gefin bókstafur til aðgreiningar. Garðlag A hefur legið í boga ofarlega í brekkunni og hugsanlega hafa báðir endar þess náð niður að bökkum Mávatsns þótt þess sjáist ekki merki nú. Þannig hefur

garðurinn hæglega getað afmarkað svæði allt að 170 x 230 m. Suðurhluti garðsins sést fyrst skammt austan við ýtuslóð sem gerð hefur verið upp brekkuna. Hann er alveg sokkinn og fremur vandfundinn, allt að 3 m breiður og sjást mjóar rásir eða dældir langsum meðfram honum. Hann liggur til norðvesturs en er rofinn af ýtuslóðinni á 7 m kafla eftir rúma 30 m. Hann stefnir í norður þar sem hann birtist á ný, liggur ofan í dokk eða aflanga laut og er þar mun greinilegri en annarsstaðar, virðist sem fjalldrapi og víðir uni sér betur á garðinum en í kring. Áfram liggur leiðin upp úr dokkinni, upp á dálítinn hrygg og er þar lítil hundapúfa á garðinum. Þá tekur við önnur dokk þar sem garðurinn er jafngreinilegur og í þeirri fyrri en þar sem henni sleppir hefur orðið rask af völdum malarnáms á 10 m breiðum kafla, allt niður undir þjóðveg. Garðurinn sést ekki eftir það og fannst ekki neðan þjóðveggar þrátt fyrir töluverða leit. Alls sést þá garðurinn á



Mynd 59. Mynd fengin úr skýrslunni *Archaeological investigations in Mývatnssveit, Reykjadalur and Svartárkot 2010* eftir Orra Vésteinsson

tæplega 300 m kafla. Innan garðsins, í syðri dokkinni, vottar fyrir fornlegri tóft B og túngarði C. Tóftin er 18x7,5 m að stærð, snýr norður-suður og skiptist í tvö hólfa. Hún virðist breiðust um miðjuna og mun mjórri að sunnan en norðan. Hólf 1 er sunnar. Það er 8x2,5 m að innanmáli, snýr norður-suður og veggirnir eru 0,3 m á hæð. Hólfið er opið til vesturs, að brekku. Hólf 2 er norðar og er 3x1 m að innanmáli. Það snýr norður-suður og er opið til vesturs. Ekki er innangengt á milli hólfanna. Frá báðum endum tóftarinnar liggur garðlag C, hið syðra í sveig 40 m til SV en nyrðra garðlagið sést á 30 m kafla í sveig til austurs. Það er 2 m á breidd og 0,2-0,3 m á hæð. Garðlagið er algróið kjarrgróðri, lyngi og mosa. Tóftir D og E eru einnig í syðri dokkinni, 5 m vestan við tóft B. Tóft D er norðar og er grafinn inn í brekku til vesturs. Hún er 7x5,5 m að stærð, einföld og snýr norður-suður. Veggirnir eru 0,3 m á hæð en fjalldrapi og lágreistur kjarrgróður ykir þá og hækkar. Tóftin er opin til austurs. Tóft E er 6 m sunnar. Hún er einnig grafinn inn í hlíðina til vesturs. Hún er 14x6,5 m að stærð, einföld og snýr norður-suður. Tóftin er opin til austurs en gróðurfar og ástand hennar er álíka og á fyrr minjum sem hérna er getið. Tóft F er uppi á hrygg sem liggur til norðausturs, á milli dokkana, Hún er í halla til norðausturs, niður hrygginn og lítið er um gróður þar. Tóftin er 12x10 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur og skiptist í tvö hólfa. Veggirnir eru algrónir mosa, eru 0,2 m á hæð og 2-2,5 m á breidd. Syðra hólfið er stærra en ekki er hægt að greina op á yfirborði inn í þau. Garðlag

G er vestan við garðlag A. Það er liggur norður-suður og er 30 m langt. Það er útflatt, 2,5-3 m á breidd, algróið mosa og er 0,2 m á hæð. Það sést uppi á malarhól. Fyrir austan tóft E er náttúruleg uppspretta og er þar enn tær lind. Úr henni rennur lækur, í gegnum garðlag C og mögulega er hann manngerður eða lindin nýtt sem vatnsból. Rennan er 0,2 m á breidd og 0,3 m djúp.


Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir:Ö-Víðar, 3

SP-285:032 gata leið

X 580722 Y 567991

Greinilegar götur sem hafa grafist niður liggja um land Víða til vesturs í átt að Laxárdal. Þær



Mynd 60. Leið 032, horft til austurs

eru 1,2 km NNA við mógrafir í landi Laugasels 291:020. Miðlína fyrirhugaðs jarðstrengs liggur þvert á göturnar. Þessi leið hefur ekki fundist á gömlum kortum og virðist ekki hafa verið farin af ökutækjum en er mjög greinileg, bæði á vettvangi og á loftmyndum.

Leiðin liggur um lynngróa þar sem hún var skoðuð. Rafmagnsgirðing á austurmerkjum Víða liggur yfir leiðina.

Leiðin liggur austur-vestur og eru götur á svæði sem er 6-8 m á breidd. Göturnar hafa grafist niður og má sjá 2-3 aðskildar rennur á leiðinni sem sameinast í eina breiða rennu og skiljast aftur að. Göturnar

eru að mestu leyti grónar en ógrónir kindastígar liggja eftir þeim.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

SP-285:033 vegur leið

X 580673 Y 570314

Á Herforingjaráðskorti nr. 72 frá árinu 1933 sést leið liggja til suðurs frá suðvesturhorni Mávats. Áður en hún kemur að Víðaseli greinist hún og liggur önnur leiðin til suðurs að gatnamótum við Víðagróf (þar sem leið SP-291:018 liggur þvert á þessa leið) og áfram til suðurs í landi Laugasels að Stöng. Ekki sáust skýr ummerki um leiðina á vettvangi en malarvegur liggur hér nú, á sama stað og þessi leið gerði. Hún endar við Víðasel.

Þar sem leiðin liggur þvert yfir áhrifasvæði fyrirhugaðs jarðstrengs frá Svartárvirkjun er gróið svæði, í halla til austurs, niður að vatninu. Leiðin fer upp, þvert í gegnum minjar 017. Lágrestur kjarrgróður, lynn og mosi er áberandi á þessu svæði.

Engin ummerki leiðarinnar sjást á yfirborði.

Heimildir:Herforingjaráðskort 1:100 000


SP-285:034 hleðsla hlutverk óþekkt

X 580654 Y 568213

Hringlaga gerði, eða þúst, sést tæpum 1 km ANA frá Víðaseli 007, suðaustarlega í landi Víða. Gerðið er í austurhlíðum umfangsmikils áss og þarna er vex lágrestur kjarrgróður, lynn og mosi. Austan við ásin er mýrlendi, svokölluð Kæfumýri. Gerðið er 40 m austan við miðlínu fyrirhugaðs jarðstrengs úr Svartárvirkjun.

Gróðurfar gerðisins er annað en í nánasta umhverfi. Gróðurinn er hærri og stendur upp úr sléttri brekkunni. Hér vex meira af fjalldrapa og eini en annars staðar.

Gerðið er L-laga, 30x20 m að stærð og snýr norður-suður. Til vesturs sér ekki veggja og þeir horfnir þar. Aðrir veggir eru 0,3-,4 m á hæð, 2 m á breidd og algrónir kjarrgróðri.



Mynd 61. Gerði 034, horft til vesturs

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SP-285:035 gata leið

X 580258 Y 571912

Uppgrónar götur sjást vestan við Mávratn, neðarlega í hlíðinni þar. Leiðin sést liggja til suðurs frá Máslæk og frá Hallskoti 013. Þaðan hlykkjast leiðin og hverfur nokkuð sunnar. Ekki er vitað um hvaða leið er að ræða en hún var líklega ekki fjölfarin, lítið annað en kindastígur. Leiðin liggur á grónu svæði. Þar er mosi, kjarrgróður og lyng mest áberandi. Leiðin er í brekku sem hallar til austurs en hallinn er ekki mikill.



Leiðin hlykkjast vestan við miðlínu fyrirhugaðs jarðstrengs úr Svartárvirkjun, sunnan við Máslæk. Leiðin liggur síðan þvert yfir miðlínuna og kemur af og til inn á áhrifasvæði jarðstrengsins. Það eru 10-15 paldrar nyrst en þeim fækkar eftir því sem sunnar dregur. Nyrst er líklega hluti af leiðinni rudd. Paldarnir eru uppgrónir, 0,5 m djúpir. Leiðina má rekja á 1,3 km löngum kafla.

Mynd 62. Leið 035, horft til norðurs

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

SP-286 Márskot

SP-286:017 gata leið



Mynd 63. Leið 017 horft til SSA

X 579817 Y 573676

Götur liggja austan við lágan ás þvert á Brettingsstaðagötu 016 um 300 m norðaustan við þjóðveg. Miðlína fyrirhugaðs jarðstrengs liggur í gegnum göturnar en norðan og sunnan við þann stað liggur hún samsíða götunum. Göturnar liggja um lyngmóa með lágu kjarri. Götur sjást 5 saman á svæði sem er 4 m á breidd. Þær eru 0,1-0,2 m á breidd og dýpt og eru að mestu grónar. Ein gatan er farin af sauðfé og er ógróin. Ekki er ljóst á hvaða leið göturnar eru og ekki er útilokað að um fjárgötur sé að ræða.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

SP-286:018 gata leið

Götur eru í Laxárdalsheiði skammt sunnan við merkin milli Máskots og Brúnar



Mynd 64. Leið 018, horft til VNV

X 579843 Y 574502

(Hallbjarnarstaða SP-287). Ruddur vegur sem liggur VNV-ASA liggur yfir göturnar. Miðlína fyrirhugaðs jarðstrengs liggur í gegnum göturnar.

Leiðin liggur um lyngmóa með lágu kjarri. Göturnar liggja austur-vestur og eru 2-3 saman á 2 m breiðu svæði. Þær eru 0,2 m á breidd og dýpt og grónar en ein gata en farin af sauðfé og er ógróin. Rétt austan við þar sem vegurinn liggur yfir leiðina hefur hún grafist niður á stuttum kafla. Vestan við veginn verður leiðin mjög ógreinileg vegna rasks við vegagerð og raflínu sem liggur yfir heiðina á þessum stað. Ekki er ljóst á hvaða leið þessar götur eru en stefnan á þeim

gefur til kynna að þær hafi legið frá Brún eða Hallbjarnarstöðum á leið 016.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

SP-287 Hallbjarnarstaðir

SP-287:028 gata leið


X 579788 Y 576510

Götur liggja þvert yfir Laxárdalsheiði um 2 km norðan við leið 286:018, nú innan svæðis sem tilheyrir nýbýlinu Brún. Göturnar stefna að Ljótstöðum SP-219:001 og hafa líklega legið frá Brún, nýbýli úr landi Hallbjarnarstaða, og ef til vill einnig frá Hallbjarnarstöðum. Miðlína fyrirhugaðs jarðstrengs liggur í gegnum göturnar.

Göturnar liggja um gróna heiði þar sem gróður einkennist af mosa og lágu kjarri.

Leiðin var skoðuð innan áhrifasvæðis jarðstrengs og sjást þar 2-3 götur saman á 2 m breiðu svæði. Göturnar liggja ANA-VSV og eru grónar fyrir utan eina götu sem farin er af sauðfé. Þær eru 0,2 m á breidd og 0,1-0,2 m á dýpt.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda



Mynd 65. Leið 028, horft til suðvesturs

SP-291 Laugaból (Laugasel)

SP-291:016 gata leið


X 580223 Y 565795

Götur liggja meðfram austanverðum ás í landi Laugasels um 80 m vestan við götur á leið 017. Miðlína fyrirhugaðs jarðstrengs liggur í gegnum göturnar og samsíða þeim á kafla.

Göturnar eru í þýfðum móa þar sem vex lyng og lágt kjarri.

2-5 götur sjást saman á um 4 m breiðu svæði. Tvær götur eru ógrónar og eru farnar af sauðfé. Þessar götur eru 0,2 m á breidd og 0,2-0,3 m á dýpt. Aðrar götur eru ógreinilegri og grónar. Mögulega er eingöngu um fjárgötur að ræða en einnig geta þær hafa tilheyrt leið milli Laugasels og Stangar SP-194b:001 eða Hörgsdals SP-192:001. Þessar götur og götur á leið 017 virðast sameinast um 600 m SSV við mógrafir 020 og liggja óljóst áfram að Víðagróf til norðurs. Göturnar liggja norður-suður.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda




Mynd 66. Leið 016, horft til norðurs

SP-291:017 gata leið

X 580159 Y 565276

Götur sjást á flatlendi um 80 m austan við götur á leið 016. Miðlína fyrirhugaðs jarðstrengs liggur í gegnum þær.



Mynd 67. Leið 017, horft til suðurs


Göturnar eru í þýfðum móa þar sem vex lyng og lágt kjarr.

3-4 götur sjást saman á um 3 m breiðu svæði. 1-2 götur eru ógrónar og farnar af sauðfé. Göturnar eru víðast 0,1-0,2 m á breidd og 0,2-0,3 má dýpt. Þær hafa grafist niður á kafla og þar er ógróið flag. Mögulega er eingöngu um fjárgötur að ræða en einnig geta þær hafa tilheyrð leið milli Laugasels og Stangar SP-194b:001 eða Hörgsdals SP-192:001. Þessar götur og götur á leið 016 virðast sameinast um 600 m SSV við mógrafir 020 og liggja óljóst áfram að Víðagróf til norðurs. Göturnar liggja norður-suður.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

SP-291:018 gata leið

X 580294 Y 566742



Mynd 68. Leið 018, horft til austurs

Götur á gamalli leið milli Arndísarstaða og Laxárdals sjást við Víðagróf í landi Laugasels þar sem áhrifasvæði fyrirhugaðs jarðstrengs var kannað sumarið 2015. Leiðin er sýnd á Herforingjaráðskorti 1:100 000 frá 1935. Í landi Laugasels liggur leiðin frá bæ 001 til austurs að vaði 019 yfir Víðagróf og áfram til austurs. Bíslóði liggur eftir leiðinni í landi Laugasels. Miðlína fyrirhugaðs jarðstrengs liggur þvert á leiðina.

Þar sem leiðin var skoðuð liggur hún um þýft kjarrlendi.

Á þeim hluta leiðarinnar sem var skoðuð sjást 1-3 götur á 1,5 m breiðu svæði og eru þær ekki grónar. Þær eru 0,2 m á breidd og

dýpt. Lengra til vesturs, þar sem leiðin liggur yfir Óþveginstungu 015, sjást fleiri götur sitt hvorumegin við bíslóða. Á loftmynd virðist leiðin einnig hafa legið yfir Víðagróf um 100 m suðvestar en vað 019 og kann það að vera eldri útgáfa af leiðinni.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Herforingjaráðskort 1:100 000

SP-291:019 heimild um vað

X 580393 Y 566780

Vað var yfir Víðagróf á leið 018 þar sem grösugur tangi teygir sig til norðausturs í grófinni 13 m suðaustan við mógrafir 020. Vaðið er 50 m suðaustan við miðlínu fyrirhugaðs jarðstrengs.

Í landi Laugasels er aflíðandi bakki niður í grófina en allhár og brattur bakki í landi Víða. Þar er

virkt landbrot vegna vatnsrennslis í grófinni.

Ógróin gata liggur að vaðinu í landi Laugasels en ekki sjást götur að því í landi Víða. Þar er þó grunn lægð á bakkanum. Lækurinn í grófinni er grunnur og 4-5 m á breidd þar sem vaðið var yfir hann.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

SP-291:020 náma mógrafir

X 580348 Y 566775

Meintar mógrafir eru fast norðan við leið 018 og 13 m norðvestan við vað 019 á tanga sem gengur til norðausturs inn í Víðagróf. Miðlína fyrirhugaðs jarðstrengs liggur í gegnum suðvesturhluta mógrafasvæðisins.



Tanginn sem mógrafirnar eru á er grasi vaxinn og ósléttur. Talsverð sina er einnig á honum. Allt í kringum tangann er kjarrgróður.

Heildarstærð mógrafasvæðisins er 60x24 m og snýr það norðaustur-suðvestur. Allt svæðið er þurrt og grasi gróið. Skýrustu mógrafirnar eru við suðausturjaðar svæðisins. Þar eru tvær samsíða gryfjur á svæði sem er 10x15 m stórt og snýr austur-vestur. Mesta dýpt í þeim er um 1 m. Einnig eru nokkuð skýr ummerki um mótekju í suðvesturenda svæðisins. Það svæði er 13x5 m að innanmáli og snýr austur-vestur.

Mynd 69. Mógrafir 020, horft til vesturs

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

SP-291:021 heimild leið

Leið er sýnd með brotalínu frá Laugaseli að Stangarvaði SP-192:016 sem er skráð undir Höragsdal. Leiðin liggur á leið milli Höragsdals og Stangar (sjá 192:017). Leiðin liggur skáhallt yfir legu fyrirhugaðs jarðstrengs úr Svartarlínu skammt norðvestan við Föxugróf en sást ekki á vettvangi.

Leiðin sást ekki innan fyrirhugaðs áhrifa svæðis jarðstrengsins.

Heimildir: Herforingjaráðskort 1:100 000

SP-661 *Fornleifar á fleiri en einni jörð*

SP-661:003 Arnórsgata gata leið

X 579191 Y 583676

"..nokkru sunnar [en Miðvörður og Miðvörðulækur], er hár melhóll, sem heitir Arnórsmelur. Um hann liggur gata, sem heitir Arnórsgata, liggur suður á við, suðvestur fyrir Hvítafell og í Lauga.", segir í örnefnaskrá Halldórsstaða. Í örnefnaskrá Þverár segir: "Arnórsgata liggur frá Halldórsstöðum að Hallbjarnarstöðum í Reykjadal um Smalahnútu og suðvestur yfir norðurenda hæsta hluta Steinássins, Steinaásdökk norðast, og síðan suður austan í Fellshala og suður á Selás" "Gata lá þvert yfir Hjallaland í heiðinni, sem nefnd var Arnórsgata, líka.", segir í viðbótum við örnefnaskrá Hjalla. "Um hann [Arnórsmel] liggur gata Hreppstjórágata, sem heitir Arnórsgata, liggur suður á við, suðvestur fyrir Hvítafell og í Lauga," segir í

örnefnalýsingu. Arnórsgötur lágu til suðvesturs frá Halldórsstöðum 216:001, upp hlíðina og sameinuðust leið 052 í landi Þverár. Leiðin er sýnd á herforingjaráðskorti nr. 72 frá 1933, þar liggur hún frá bænum, upp að Hvítafelli og sameinast leið 052 við suðausturhorn þess. Leiðin er jafnframt sýnd á örnefnakorti sem varðveitt er í íbúðarhúsinu á Halldórsstöðum. Leiðin liggur þvert yfir fyrirhugað áhrifasvæði jarðstrengs úr Svartárvirkjun.

Leiðin liggur yfir lága hóla og gróið svæði þar sem hún þverar fyrirhugað jarðstrengssvæði. Þar er lágur kjarrgróður og lyng mest áberandi. Svæðið er gróið en víða eru melhólar.

"Sögn er, að maður hafi flutt úr Hallbjarnarstöðum í Halldórsstaði, og að þegar fyrsti hesturinn kom í hlað á Halldórsstöðum, hafi sá síðasti farið úr hlaði á Hallbjarnarstöðum [var þá farið



Mynd 70. Leið 003, horft til vesturs

eftir Arnórsgötu til Halldórsstaða í Laxárdal].", segir í örnefnaskrá Hallbjarnarstaða. "E.t.v. hefur það verið Arnór sem flutti. Arnórsgata var líka stundum kölluð Hreppstjórágata. Hreppstjórinn var á Halldórsstöðum og kom þessa götu.", segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá Hallbjarnarstaða. Leiðin er lítið annað en vegleg kindagata þar sem hún var skoðuð á vettvangi. Það er eina helst að hún breiði úr sér þar sem farið er upp hóla, þá má greina nokkra paldra. Leiðin hlykkjast suðvestur-norðaustur og er auðrekjanleg á vettvangi sem og á loftmynd. Leiðin var mæld þar

sem hún liggur yfir áhrifasvæði jarðstrengsins.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir:Ö- Halldórsstaðir í Laxárdal, 11 og Ö-Þverá, 26; Ö-Hjalli viðb.,1; Ö-Hallbjarnarstaðir, 3; Ö-Hallbjarnarstaðir ath. og viðb., 5; Ö-Halldórsstaðir, 11; Herforingjaráðskort 1:100 000

SP-661:017 *Stafnsgata* gata leið

X 580453 Y 571270

"Við [Más]vatnið heldur norðar [en Víðatóft] er naust, sem nefnt er Stafnsnaust [SP-285:018], og þaðan liggur skýr gata, Stafnsgata vestur í Stafni frá þeim tíma er veiði var stunduð frá Stafni.", segir í örnefnaskrá. Gatan liggur þvert yfir áhrifasvæði fyrirhugaðs jarðstrengs úr Svartárvirkjun. Hún sést illa þar sem strengurinn á að liggja, þar hallar landinu að Másvatni. Leiðin er mun greinilegri í hlíðum og uppi á Víðafelli en sá hluti var ekki skoðaður á vettvangi. Leiðin liggur á grónu svæði. Þar er mosi, kjarrgróður og lyng mest áberandi. Leiðin er í brekku sem hallar til austurs en hallinn er ekki mikill.

Leiðin er áberandi norðvestar, uppi á heiðinni áður en landi lækkar niður að vatninu. Þar sem hún liggur yfir fyrirhugaða legu jarðstrengsins er hún lítið annað en kindagata.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir:Ö-Víðar,3

SP-661:022 *Vatnsgata* gata leið

X 580550 Y 570848

"Neðan við gamla túnið í Stafni er við Bæjargróf, Syðri-Svarðarbakki. Annars er neðan túnsins frá Bæjargróf, að Dagmálahóli að neðan og Vatnsgötu sunnan, mýri Dagmálamýri. Vatnsgata er reiðgata, sem liggur frá syðra túnhorni niður á gilbarminn, niður í gilið og yfir ána, síðan handan árinna að Víðum, en einnig, fyrr, austur yfir Víðafell að Másvatni.", segir í

örnefnaskrá. Gatan liggur þvert yfir áhrifasvæði fyrirhugaðs jarðstrengs úr Svartárvirkjun. Hún sést illa þar sem strengurinn á að liggja, þar hallar landinu að Mávratni. Leiðin er mun greinilegri í hlíðum og uppi á Víðafelli en sá hluti var ekki skoðaður á vettvangi. Leið liggur að Mávratni, líklega frá bæ 001. Leiðin sést vel á loftmynd og liggur þvert yfir fyrirhugaða legu jarðstrengs úr Svartárvirkjun. Leiðin er ekki sýnd á gömlum kortum en var líklega einungis notuð innan jarðarinnar.

Leiðin liggur í brekku sem hallar til austurs, að Mávratni. Þar er kjarrgróður áberandi.

"Nafngift stafar frá veiðileyfi, sem Stafn hafði í Mávratn, og var gatan farin til veiðanna," segir í örnefnaskrá.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Stafn, 10

SP-661:029 *Prestsgata* gata leið

X 579104 Y 584023

"Prestsata frá Grenjaðarstað liggur um Skarð, Fjallshorn, Hryggi, Melhóla, ofan Spóabúfunýræktar, um Prestvörðu, og Prestmýri í Þverá.", segir í örnefnaskrá. Í örnefnaskrá Þverár segir: "Prestgata liggur frá Traðarhliði út og upp fyrir Holtin, um Prestvað [SP-217:043] neðan Langholts, norður yfir Prestmýri og rétt ofan við Prestvörðu, áleiðis til Halldórsstaðaskarðs.", segir í örnefnaskrá." Í Sýslu- og Sóknarlýsingu Þingeyjarsýslu segir: "Annexíuleið prestsins er oftast fram vesturdalinn og gegnum Halldórsstaðaskarð og Prestgötu að Þverá. Líka er stundum farinn austurdalurinn og upp á fellinu í aftaka snjóum, Hef eg þá nokkrum sinnum látið aka mér í stóli á skíðasleða, fyrir hverjum hafa gengið þrír húskarlar mínir á skíðum." Á herfingjaráðskorti nr. 72 frá 1933 er Prestagata sýnd sem ógreinileg leið til norðvesturs frá svokölluðum Gatnamótum í landi Halldórsstaða. Leiðin lá um Halldórsstaðaskarð og austanverðan Þegjandadal að Grenjaðastað og Brúum. Þetta er líklega sama leið og Þegjandadalsgata 216:051 en það þarfnast frekari skoðunar. Leiðin liggur þvert norðvestur-suðaustur yfir áhrifasvæði fyrirhugaðs jarðstrengs úr Svartárvirkjun.

Leiðin liggur eftir grónu svæði, austan undir hólaröð. Mosi, lyng og fjalldrapi eru áberandi.

Leiðin liggur til norðvesturs, milli kumlategs 216:062 og garðlags 216:063. Á þessum slóðum er vegslóði en ekki er ljóst hversu langt hann nær, leiðin var eingöngu rakin innan áhrifasvæðis fyrirhugaðs jarðstrengs.

Heimildir: Ö- Halldórsstaðir í Laxárdal, 9, Ö-Þverá, 25; SSP, 156: Herfingjaráðskort 1:100 000

SP-661:032 *Stórulaugagata* gata leið

X 579073 Y 584103

"Héðan heiman frá Halldórsstöðum liggja götur í Stóru-Lauga, sem heita Stórulaugagata. Göturnar liggja í hávestur um holtahryggi upp að Fellamýri, þaðan yfir í Hvítafell í hávestur í Stóru-Lauga. Þar sem þessar götur og Prestsgatan skerast, heitir Gatnamót.", segir í örnefnaskrá. "Héðan heiman frá Halldórsstöðum liggja götur í Stóru-Lauga, sem heita Stórulaugagata," segir í örnefnalýsingu. Stórulaugagata liggur til vesturs frá Halldórsstöðum 216:001, upp hlíðina norðan við Hvítafell. Líkt og nafnið gefur til kynna lá leiðin að Stóru-Laugum en var eingöngu rakin á áhrifasvæði fyrirhugaðs jarðstrengs úr Svartárvirkjun. Leiðin liggur þvert þar yfir. Leiðina má rekja allt frá Halldórsstöðum og er



Mynd 71. Leið 032, horft til vesturs

afar áberandi þar sem jarðstrengurinn á að liggja. Hlið er á túngarðinum og þar var farið upp á fjallið.

Leiðin liggur yfir gróin tún og upp á gróna heiði. Hólar eru vestan við heimatúnið og þar sést hún vel í brekkunni.

Leiðin sést vel á vettvangi sem og á loftmynd. Þar sem hún þverar áhrifasvæðið eru nokkrir paldrar með mold í botninum. Leiðin hefur verið fær vélum á einhverju leiti en ekki er ljóst hversu langt það var. Paldrarnir eru 0,2-0,4 m á dýpt og þetta er umfangsmikil leið.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Halldórsstaðir í Laxárdal, 12

SP-661:034 *Máskotsgata* gata leið

X 579807 Y 573690

"Máskotsgata eða -götur liggja frá túninu [á þverá] við Kofahlið suður yfir Kvíamó og Fjárhúsflöt suður eftir Miðdegisási og suður neðst á Bugaási áleiðis að Máskoti. Meðan lestarferðir tíðkuðust var þetta fjölfarin leið til Húsvíkur úr Syðri-Reykjadal, Suður-Bárðardal og af Fljótshéiði sunnanverðri.", segir í örnefnaskrá. Um Brettingsstaðaland liggja göturnar þannig: "...út og upp brekkuna, norðan Bæjarásenda og norðan við Mávötn að Máskoti" "Hæsti ásin vestur af Tangás er Brettingsstaðaás. Yfir hann þvert liggur Brettingsstaðagata," segir í örnefnaskrá. Götur á þessari leið sjást á stuttum kafla á áhrifasvæði fyrirhugaðs jarðstrengs sem skoðað var sumarið 2015. Göturnar liggja til norðausturs frá rofabarði 170 m norðaustan við þjóðveg á vegarslóða á sömu leið. Miðlína jarðstrengsins liggur yfir leiðina.

Leiðin liggur um lyngmóa með lágum kjarrgróðri.

Þar sem göturnar eru greinilegastar eru 6 götur saman á 15 m breiðu svæði og eru þær því fremur gisnar. Göturnar eru 0,2 m á breidd og dýpt og eru grónar. Vegarslóðin liggur um 60 m norðar en göturnar á áhrifasvæði jarðstrengsins en báðar leiðir sameinast um 400 m norðaustan við þjóðveg.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Þverá, 24; Ö-Brettingsstaðir, 14

SP-661:052 gata leið

X 579380 Y 581256

Á herforingjaráðskorti nr. 72 frá árinu 1933 sést leið liggja til vesturs frá Auðnum SP-218, yfir í land þverár og upp Laxárdalsheiði. Leið 661:033 og leið 217:077 sameinast þessari leið uppi á heiðinni. Leiðin var einungis rakin innan áhrifasvæðis fyrirhugaðs jarðstrengs úr Svartárvirkjun en hún liggur þvert þar yfir, norðan við þverá. Leiðin sást ekki vel þar sem jarðstrengurinn liggur en er greinileg á loftmynd.

Lágir hólar sem vaxnið eru lágreistum kjarrgróðri, mosa og lyngi. Víða sést í mel ofarlega á þeim. Inn á milli þeirra eru rök mýrarsund.

Leiðin lá til vesturs frá bænum á Auðnum, upp á Laxárdalsheiði. Leiðin var eingöngu skoðuð vestan við þverá, þar liggur hún þvert yfir fyrirhugaðan jarðstreng úr Svartárvirkjun. Leiðin er horfin í mýrunum en sést á holti skammt norðan við ána. Þar sést hún sem kindagata en hægt er að rekja leiðina á loftmynd, nánast frá Auðnum og lengra til vesturs.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda


Heimildir: Herforingjaráðskort 1:100 000

5. Niðurstöður

Fornleifaskráning vegna Svartárvirkjunar var unnin seinni hluta júnímánaðar 2015 og gengu tveir fornleifafræðingar um úttektarsvæðin. Stærsta úttektarsvæðið var vegna jarðstrengs frá fyrirhugaðri staðsetningu Svartárvirkjunar í Bárðardal og að Laxárvirkjun í Laxárdal. Úttektarsvæðið var um 46 km langt og 100 m breitt. Áætluð lega jarðstrengsins liggur yfir landareignir 12 lögbýla í tveimur sveitarfélögum. Sumar jarðanna eru í eyði, á öðrum er enn stundaður blómlegur búskapur og á enn öðrum er einungis árstíðabundin búseta. Úttektarsvæðið liggur bæði um heimatún jarða og sem og heiðar og því hefur landnýting innan úttektarsvæðis verið æði misjöfn eftir svæðum í gegnum aldirnar. Sú landnýting endurspeglast í minjastöðunum 81 sem voru afar fjölbreytilegir.

Allar þær fornleifar sem fjallað er um hér eru taldar í stórhættu eða hættu vegna mögulegra framkvæmda við Svartárvirkjun en langstærstur hluti telst í hættu vegna lagningu jarðstrengs. Það er hins vegar rétt að taka fram að þrátt fyrir að fornleif teljist í hættu er ekki þar með sagt að rask á henni sé óhjákvæmilegt, aðeins að hún sé inni á úttektarsvæði þar sem framkvæmda er að vænta. Í mörgum tilfellum ætti að vera auðvelt, í samvinnu við Minjastofnun Íslands, að tryggja það að framkvæmdir skemmi ekki fornleifar. Rétt er að geta þess í lokin að þar sem ekki verður hjá raski komið úrskurðar Minjastofnun hvort og með hvaða skilmálum fornleifar megi víkja.

Ástand minjastaðanna var yfirleitt gott og til þeirra sást flestra. Í um 13% tilfella fundust þó ekki merki um minjastaði á yfirborði. Það er nokkuð lágt hlutfall enda er algengt að um 40% minjastaða sjáist ekki á yfirborði við aðalskráningu fornleifa í sveitum landsins. Ástæða þess er eflaust sú að túnasléttun hefur ekki verið mikil innan úttektarsvæðisins og stór hluti þess er utan túna þar sem varðveisla minja er að jafnaði betri. Í skífuriti 1 hér neðar sést þetta betur.




Skífurit 1

Eins og vænta mátti er hlutverk þeirra minjastaða sem skráðir voru fjölbreytt og í stöplariti I má sjá yfirlit um þau. Eins og sjá má á töflunni eru leiðirnar algengasti minjaflokkurinn en samtals voru skráðar 32 leiðir, eða um 40% af öllum skráðum minjum. Aðrir minjaflokkar sem voru nokkuð algengir eru minjar í úthögum líkt og mógrafir og kolagrafir, garðlög og útihús innan heimatúna. Að auki var skráður einn kumlateigur sem og mylla í landi Halldórsstaða.



Stöplarit 1

Við mat á þeirri hættu sem steðjaði að hverjum minjastað var miðað við þá meginreglu að allir minjastaðir sem væru innan við 15 m frá miðlínu fyrirhugaðs jarðstrengs teldust í stórhættu (samtals 30 m breitt svæði) en minjar utan þessa beltis, en innan úttektarsvæðis töldust í hættu. Sama regla var notuð við úttekt á þrýstipípu. Niðurstaðan er sú að rúmlega helmingur minjastaðanna taldist í stórhættu, eða 56%. Í skífuriti 2 má sjá skiptinguna.



Skífurit 2

Til hæðarauka var ákveðið að fjalla um minjarnar sem lenda innan úttektarsvæðis jarðstrengsins í sérstökum undirkafla og minjar sem lenda innan úttektarsvæðis þrýstipípu í öðrum undirkafla. Ekki fundust neinar minjar innan úttektarsvæðis stöðvarhússins og ekki talin þörf á sérstakri umfjöllum um það svæði.

Fornleifar innan úttektarsvæðis jarðstrengs frá Svartárvirkjun að Laxárvirkjun

Samtals voru skráðir 73 minjastaðir á úttektarsvæði jarðstrengs frá Svartárvirkjun að Laxárvirkjun. Af þeim töldust 41, eða 56%, vera í stórhættu. Minjastaðirnir eru af fjölbreyttum toga og á meðan minja eru m.a. leiðir, býli, mógrafir og kumlateigur. Í töflu 3 er listi yfir þessa staði og hættumat þeirra tilgreint.

Tafla 1: Minjastaðir innan úttektarsvæðis fyrirhugaðs jarðstrengs

<i>Samtala</i>	<i>Sérheiti</i>	<i>Hlutverk</i>	<i>Ástand</i>	<i>Hættumat</i>
SP-177:036	Hundamór	mógrafir	ekki sést til fornleifar	hætta
SP-177:038		samgöngubót	hleðslur signar	hætta
SP-180:008		leið	sést til	hætta
SP-180:023		samgöngubót	sést til	hætta
SP-192:017		leið		hætta
SP-192:037		heystæði	hleðslur signar	hætta
SP-194b:015	Svarðarskot	mógrafir		hætta
SP-215:002		útihús	sést til	hætta
SP-215:004		útihús	hleðslur standa grónar	hætta
SP-215:006		útihús	ekki sést til fornleifar	hætta
SP-215:012	Ásgeirsstaðir	býli	ekki sést til fornleifar	hætta
SP-215:013		beitarhús	hleðslur signar	hætta
SP-215:036		býli/sel?	hleðslur signar	hætta
SP-215:039		vörslugarður	hleðslur signar	hætta
SP-215:041		brunnur	sést til	hætta
SP-215:043		garðlög	hleðslur signar	hætta
SP-216:041	Geitakofi	geitakofi	hleðslur standa grónar	hætta
SP-216:042	Mylluholt	mylla	hleðslur signar	hætta
SP-216:058		vörður	hleðslur signar	hætta
SP-216:059		varða	hleðslur standa	hætta
SP-217:062		kolagröf	sést til	hætta
SP-217:064		tóft	hleðslur signar	hætta
SP-217:068		leið	sést til	hætta
SP-217:070		kolagröf	sést til	hætta
SP-217:078		mógrafir	sést til	hætta
SP-217:079		varða	hleðslur standa	hætta
SP-224:055		varða	hleðslur signar	hætta
SP-285:033		leið		hætta
SP-285:034		gerði	hleðslur signar	hætta
SP-285:035		leið	sést til	hætta
SP-291:019		vað	ekki sést til fornleifar	hætta
SP-291:021		leið	ekki sést til fornleifar	hætta
SP-177:010	Vaglagerði	býli	hleðslur útflattar	stórhætta
SP-177:039		tóft	hleðslur signar	stórhætta
SP-179:020		leið	sést til	stórhætta
SP-180:010	Bótargötur	leið	sést til	stórhætta
SP-180:021	Vatnsgötur	leið	ekki sést til fornleifar	stórhætta
SP-180:022		leið	sést til	stórhætta
SP-180:024		leið	sést til	stórhætta
SP-192:033		leið	sést til	stórhætta
SP-192:034		leið	sést til	stórhætta
SP-192:036		þúst	sést til	stórhætta
SP-215:001	Birningstaðir	bústaður	hleðslur standa grónar	stórhætta
SP-215:037		kantur	hleðslur signar	stórhætta

SP-215:038		vörslugarður	hleðslur útflattar	stórhætta
SP-215:040		túngarður	hleðslur standa grónar	stórhætta
SP-215:042		vörslugarður	hleðslur signar	stórhætta
SP-216:060		vörslugarður	hleðslur signar	stórhætta
SP-216:061		leið	sést til	stórhætta
SP-216:062		legstaður	sést til	stórhætta
SP-216:063		garðlag	hleðslur signar	stórhætta
SP-217:060		leið	sést til	stórhætta
SP-217:072		leið	sést til	stórhætta
SP-217:074		leið	sést til	stórhætta
SP-217:076		leið	sést til	stórhætta
SP-217:077		leið	sést til	stórhætta
SP-224:057		vörslugarður	hleðslur signar	stórhætta
SP-285:017	Víðatóft	býli	hleðslur signar	stórhætta
SP-285:032		leið	sést til	stórhætta
SP-286:017		leið	sést til	stórhætta
SP-286:018		leið	sést til	stórhætta
SP-287:028		leið	sést til	stórhætta
SP-291:016		leið	sést til	stórhætta
SP-291:017		leið	sést til	stórhætta
SP-291:018		leið	sést til	stórhætta
SP-291:020		mógrafir	sést til	stórhætta
SP-661:003	Arnórgata	leið	sést til	stórhætta
SP-661:017	Stafnsgata	leið	sést til	stórhætta
SP-661:022	Vatnsgata	leið	sést til	stórhætta
SP-661:029	Prestsgata	leið	sést til	stórhætta
SP-661:032	Stórulaugagata	leið	sést til	stórhætta
SP-661:034	Máskotsgata	leið	sést til	stórhætta
SP-661:052		leið	sést til	stórhætta

Leiðir eru fjölmennasti minjaflokkurinn á úttektarsvæðinu eða 32 talsins. Þær eru af ýmsum toga, 17 þeirra eru þjóðleiðir en aðrar eru án efa oftast styttri leiðir innan bæjar eða á milli nágrannajarða. Þar sem úttektarsvæðið var afmarkað var oft ekki hægt að átta sig á því að fullu hvert sumar leiðanna sem skráðar voru lágu eða hlutverk þeirra var. Tvær af þeim leiðum sem þekktar eru úr heimildum og hafa líklega legið yfir úttektarsvæði sáust ekki á yfirborði, þar voru þær horfnar í mýrlendi. Önnur þessara leiða var í landi Hörgsdals og nágrannajarðarinnar Stangar. Leiðin er skráð undir númerinu SP-192:017 en hún var ekki hnitsett innan úttektarsvæðis þar sem merki hennar fundist ekki þar í mýrinni. Hin leiðin var í landi Laugasels SP-291:021. Hún er sýnd með brotalínu á herforingjaráðskorti og virðist hafa legið frá Laugaseli að Stangarvaði SP-192:016 sem er skráð undir Hörgsdal. Samkvæmt þessu hefur leiðin legið innan úttektarsvæðis jarðstrengsins en ummerki um hana sást ekki á

vettvangi og því var ekki unnt að hnitsetja hana.

Samtals voru skráð átta garðlög innan úttektarsvæðis jarðstrengsins. Af þeim eru sex líklega hluti af hinu forna garðlagakerfi sem þekkt er víða í Suður-Þingeyjarsýslu og nokkuð hefur verið rannsakað á síðustu árum. Garðlögin eru: SP-215:042, SP-215:038 og 039, SP-215:042, SP-216:060 og SP-224:057. Flest þeirra voru aðeins hnitsett á stuttum kafla innan úttektarsvæðis en mörg þeirra eru án efa mun lengri.

Fyrirhugaður jarðstrengur fer nærri fimm býlum/bæjarhólum. Í landi Birningsstaða fer miðlínan nærri þremur býlum. Miðlína jarðstrengsins liggur í eða fast utan við túngarð SP-215:040, við gamla heimatún Birningsstaða. Jafnframt lendir bæjarhóllinn, tvö útihús og brunnur innan úttektarsvæðis jarðstrengsins. Í landi Birningsstaða fer miðlínan jafnframt meðfram túngarði Ásgeirsstaða SP-215:012 og beitarhúss SP-215:013. Ekki ljóst hvort að túngarðurinn tilheyrir býlinu eða beitarhúsunum en líklega voru þeir á svipuðum slóðum. Beitarhúsatóftin lendir jafnframt innan úttektarsvæðisins en líklegt er að húsin hafi verið byggð upp á tóftum býlisins eins og algengt var að gera í rústum yfirgefna býla og selja. Þriðji staðurinn er síðan nafnlaust býli eða sel SP-215:036. Þar fer miðlínan nærri gerði/túngarði sem afmakar tún umhverfis tóftir sem þar eru. Lítið er vitað um hlutverk umræddrar rústabyrpingar en umfang hennar bendir til að þar hafi verið býli eða sel. Þess er hins vegar ekki getið í fornum heimildum svo vitað sé.

Í landi Víða er Víðatóft SP-215:017 við Mávratn. Hún hafði verið heimsótt af fornleifafræðingum tvívegis áður en til rannsókna kom sumarið 2015. Fyrst heimsótti fornleifafræðingur staðinn árið 2002 vegna úttektar sem gerð var vegna breytinga á legu þjóðveggar 1² og svo aftur árið 2010 þegar könnunarskurðir voru teknir þar vegna rannsókna á menningarlandslagi Mývatnssveitar og nágrennis³. Ljóst er að á svæðinu eru afar heillegar minjar frá 10.-11. öld, nokkrar tóftir auk þriggja túngarða. Að auki hefur kuml fundist á svipuðum slóðum, við Mávratn, innan túngarðanna en utan úttektarsvæðis jarðstrengsins. Miðlína fyrirhugaðs jarðstrengs liggur fast utan við ysta túngarðinn. Um einstakar minjar er að ræða og þrátt fyrir að þær hafi orðið fyrir ýmsu raski á 20. öld.

² Birna Lárusdóttir (2002). *Fornleifakönnun: Vegarbætur á Mývatnsheiði*. FS176-02071.

³ Orri Vésteinsson et al (2010). *Archaeological investigations in Mývatnssveit, Reykjadalur and Svartárkot 2010*. FS454-02264.

Í landi Bjarnastaða er Vaglagerði SP-177:010 sem miðlína jarðstrengsins liggur þvert yfir. Býlið er á uppblásturssvæði en ennþá má þó greina bæjarhól og fleiri minja í nágrenni hans.

Af öðrum minjum sem eru innan úttekarsvæðis jarðstrengsins má nefna Geitakofa SP-216:041, kolagrafir SP-217:060 og 072, útihús 215:002 og 006 og fernar mógrafir SP-291:020, SP-217:078, SP-194b:015 og SP-177:036. Að lokum er vert að vekja athygli á merkilegum minjastað sem miðlína fyrirhugaðs jarðstrengs liggur þvert í gegnum en það er meintur kumlategur í landi Halldórsstaða SP-216:062. Teigurinn hefur verið myndaður úr lofti og mældur upp en á þessum slóðum virðist hægt að greina um 10 kuml á yfirborði auk gamalla leiða þar skammt frá til þriggja átta.⁴ Leiðirnar eru Stórulaugagata SP-661:032 til norðurs, Prestgata SP-661:029 til suðvesturs og leið SP-216:69 til austurs.

Fornleifar innan úttekarsvæðis þrýstípu og fyrirhugaðrar staðsetningar stöðvarhúss

Árið 2012 fór fram fornleifakönnun vegna fyrirhugaðra mannvirkja Svartárvirkjunar í Bárðardal.⁵ Frá þeim tíma hafa orðið breytingar á staðsetningu þrýstípu og stöðvarhúss og því óskaði framkvæmdaraðili eftir því að ný staðsetning þrýstípu og stöðvarhúss yrði tekin út sumarið 2015. Umrædd úttekarsvæði eru í landi Bjarnastaða. Þrýstípan er 3 km að lengd og tekið var út 100 m breitt úttekarbelti (50 m til beggja átta frá miðlínu). Reiturinn sem tekinn var út vegna stöðvarhúss var um 100x50 m stór. Engar fornleifar fundust innan úttekarsvæðis stöðvarhúss en átta minjastaðir voru skráðir á úttekarsvæði þrýstípu og að auki lenti hluti túngarðs umhverfis býli SP-177:022 (sem skráð var 2012) jafnframt innan þess. Helmingur minjastaðanna var í stórhættu, þ.e. þúst/vallargarður SP-177:015, tóft/garðlag SP-177:030, vörslugarður SP-177:035 og varða SP-177:037. Þeir staðir sem töldust í hættu voru Geitakofi SP-177:016, vörslugarður SP-177:017, varða SP-177:031 og garðlag SP-177:034.

⁴ Gísli Pálsson og Adolf Friðriksson (2015). Archaeological investigations at a prospective burial field at Halldórsstaðir, Laxárdalur.

⁵ Niðurstöður þeirrar vinnu er að finna í skýrslunni *Deiliskráning vegna fyrirhugaðrar Svartárvirkjunar. FS552-12091*.

Tafla 2: Staðir sem lentu innan úttektarsvæðisins vegna breytinga á legu þrýstipípu og stöðvahúss

<i>Samtala</i>	<i>Sérheiti</i>	<i>Hlutverk</i>	<i>Ástand</i>	<i>Hættumat</i>
SP-177:015	Geitakofi/Girðing	Þúst/garðlag	hleðslur útflattar	Stórhætta
SP-177:016		geitakofi	hleðslur signar	Hætta
SP-177:017		vörslugarður	hleðslur signar	Hætta
SP-177:030		Tóft/garðlag	Hleðslur signar	Stórhætta
S:-177:031		varða	Hleðslur standa grónar	Hætta
SP-177:034		garðlag	hleðslur útflattar	Hætta
SP-177:035		vörslugarður	hleðslur signar	Stórhætta
SP-177:037		varða	hleðslur útflattar	Stórhætta

Til að taka niðurstöðurnar saman í stuttu máli þá eru 45 minjastaðir í stórhættu á úttektarsvæðunum báðum. Af þeim eru línulegar fornleifar sem ekki verður komið frá raski stór hluti, alls 27 leiðir og sjö garðlög. Það sem þessir minjastaðir, leiðir og garðlög, eiga sameiginlegt er að þær eru hluti af mun stærri heild sem hefur ekki verið skoðuð í flestum tilvikum. Úttektarsvæði framkvæmdanna er 100 m breitt og veitir aðeins litla sýn á umfang línulegra minja.

Aðrar minjar í stórhættu eru 11 talsins. Þar eru m.a. þrjú býli, Vaglagerði SP-177:010, Birningsstaðir SP-215:015 og Víðatóft SP-285:017. Miðlína fyrirhugaðs jarðstrengs liggur nærri túngörðum og beint yfir bæjarhólinn í einu tilviki og fyrirséð er að þetta mun valda miklu raski. Fullrar varúðar er jafnframt þörf þegar jarðrask er svo nærri býlum. Víðaróft er jafnframt einstakur minjastaður sem farin var í eyði undir lok 11. aldar. Kumlateigur SP-216:062 lendir jafnframt undir miðlínu jarðstrengsins sem mun valda miklu tjóni. Í öllum tilvikum er mögulega hægt að bregðast við þessu með tilfærslu á línustæði. Allt úrslitavald um framkvæmdir, fornleifar og mögulegar mótvægisáðgerðir liggur hjá Minjastofnun Íslands. Jafnframt er nauðsynlegt er að hafa í huga þann möguleika að fleiri minjar leynist á úttektarsvæðinu sem ekki eru þekktar og sjást ekki á yfirborði.

Heimildaskrá

Birna Lárusdóttir (2002). *Fornleifakönnun: Vegarbætur á Mývatnsheiði*. FS176-02071. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Birna Lárusdóttir (2003). *Laxárstöðvar. Fornleifarannsókn vegna fyrirhugaðs inntakslóns*. LV-2003/119. FS215-03111. Reykjavík: Landsvirkjun og Fornleifastofnun Íslands.

Gísli Pálsson og Adolf Friðriksson (2015). Archaeological investigations at a prospective burial field at Halldórsstaðir, Laxárdalur. FS574-15212. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands

Íslandskort.is (2015). Uppdráttur Íslands. 1:100 000. Kort nr. 72 og 73. Sótt þann 03.09.2015. http://myndir.islandskort.is/map/Uppdrattur_Islands_1_1_1921_1944_38/73_Lundarbrekka_781/1046/2012-10-16-13-10-30.hq.pdf

JÁM XI: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Þingeyjarsýsla*. XI bindi. Kaupmannahöfn, 1943.

JJ: *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi af búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. (1847). Gefið út af J. Johnsen. Kaupmannahöfn.

Kristborg Þórsdóttir (2014). *Deiliskráning vegna fyrirhugaðrar Svartárvirkjunar*. FS552-12091. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Lög um menningarminjar nr. 80/2012. <http://www.althingi.is/altext/stjt/2012.080.html>

LP I: Jón Sigurðsson (1954). *Lýsing Þingeyjarsýslu I. Suður Þingeyjarsýsla*. Helgafell, Reykjavík.

Orri Vésteinsson (1996). *Fornleifaskráning í Skútustaðahreppi I: Fornleifar á Hofsstöðum, Helluvaði, Gautlöndum og í Hörgsdal*. FS022-96011. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Orri Vésteinsson et al (2010). *Archaeological investigations in Mývatnssveit, Reykjadalur and Svartárvot 2010*. FS454-02264. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

SSÞ: Þingeyjarsýslur. *Sýslu og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1844*. Reykjavík, 1994.

Óútgefnar heimildir

Fornleifastofnun Íslands: ÍSLEIF, gagnagrunnur um íslenskar fornleifar.

Þjóðskjalasafn Íslands: Túnakort: Túnakort frá 1916-1920. Jarðadeild.

Ö-Birningsstaðir: Ari Gíslason skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Bjarnastaðir: Örnefnaskrá Bjarnastaða. Ari Gíslason skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Brettingsstaðir: Konráð Erlendsson skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Engidalur: Ari Gíslason skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Hallbjarnarstaðir ath. og viðb.: Hallbjarnarstaðir. Athugasemdir og viðbætur við örnefnaskrá. Jónína Hafsteinsdóttir skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Hallbjarnarstaðir: Örnefni Hallbjarnarstaða. Teitur Björnsson og Björn Teitsson skráðu. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Hjalli viðb.: Ari Gíslason skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Halldórsstaðir: Ari Gíslason skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Hörgsdalur: Örnefnaskrá eftir Eru Helgadóttur, byggð á eldri skrá eftir Ara Gíslason og Pétur Jónsson. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Máskot: Örnefni Máskots. Jónína Hafsteinsdóttir skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Stafn: Ari Gíslason skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Stöng: Örnefnaskrá eftir Ásmund Kristjánsson, byggða eldri skrá eftir Ara Gíslason og Pétur Jónsson. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Víðar ath.: Víðar. Athugasemdir við örnefnaskrá. Jónína Hafsteinsdóttir skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Víðar ath. II: Víðar. Athugasemdir við örnefnaskrá. Jónína Hafsteinsdóttir skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Viðar: G.A. skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Þverá: Jónas Snorrason skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Heimildamenn:

Áskell Jónasson: Þverá

Ásmundur Kristjánsson: Stöng

Erlingur Teitsson: Brún, Víðar

Jón Benediktsson: Birningsstaðir, Grenjaðastaður

Jón Gústafsson: Bjarnastaðir

Kristlaug Pálsdóttir: Engidalur

Viðauki I: Hnitaskrá í landshnitakerfi (ISN93)

<i>Samtala</i>	<i>X</i>	<i>Y</i>
177010	576366.770007	550095.046824
177010	576311.823219	550072.088377
177010	576322.265195	550070.808853
177010	576323.983448	550074.963618
177010	576341.997990	550076.758775
177011	576526.668686	549876.796299
177015	577605.925351	548079.583883
177015	577577.021089	548047.044310
177016	576186.523439	548676.540988
177016	576185.110979	548665.432970
177016	576164.940447	548689.291960
177017	576676.730806	548706.408188
177022M	577806.052259	547876.956857
177022N	577748.146306	547943.513375
177029	577870.999484	547762.997093
177030	577462.312251	548205.283828
177030	577456.520472	548226.425073
177030	577438.090669	548255.612401
177031	577470.674471	548269.470957
177034	577556.345442	548159.020450
177035	576228.953149	549031.294573
177036	576430.141730	550194.447156
177037	577072.676292	548630.477484
177038	576315.051693	550267.061291
177039	576361.199151	550155.973850
179020	579373.426182	554874.271465
179020	579315.855878	554841.495316
179020	579259.397171	554808.831261
179020	579217.033559	554796.031740
179020	579194.151224	554771.254727
180008	579376.790568	556989.297028
180010	579299.361271	555839.925648
180021	579302.831402	555044.489901
180022	578965.823558	552953.743302
180023	579197.780118	558227.354841
180024	579169.825807	558236.293277
192013	579628.182367	561560.156796
192033	579394.054598	561637.816179
192036	579503.667199	561709.960513
192037	579690.499303	562612.773972
194034	579033.417410	559911.765353
194035	579095.385222	559310.434269
194B014	579719.561081	562686.312728


215001	578805.083680	586730.056931
215001	578808.906482	586744.057276
215001	578819.190655	586731.408535
215002	578790.278444	586713.279697
215004	578801.488710	586676.488047
215006	578778.068261	586820.278401
215012	578857.019778	588378.286059
215013	578837.897337	588357.758199
215013	578848.393056	588392.423478
215036	578525.041424	589771.359043
215036	578547.505119	589758.734613
215036	578559.648147	589719.679462
215037	578482.059679	589648.626718
215038	578369.986945	589885.723280
215038	578411.302878	589749.609320
215038	578399.093672	589893.636184
215038	578366.387877	589946.971758
215039	578463.584118	589623.495088
215040	578760.906648	586820.094181
215041	578817.725253	586713.256254
215042	578792.786005	588438.652151
215043	578480.311266	589621.425385
216041	579123.455831	584190.170065
216042	579114.734157	584292.137424
216058	579239.346696	583153.513502
216058	579238.263238	583160.246098
216059	578873.157440	585510.526478
216060	578973.445912	584820.257215
216062	579100.271972	584095.759713
216062	579098.748262	584085.198154
216062	579127.685141	584100.284108
216063	579108.184776	583986.805209
216069	579127.613263	584100.254340
217060	579858.430892	577352.436558
217062	579770.024608	577393.088196
217064	579671.714158	578974.330785
217066	579601.261776	579269.517064
217068	579631.821222	579235.472700
217070	579710.955498	579232.884337
217072	579739.555810	579217.331046
217074	579585.018719	579523.120680
217076	579510.424262	580151.540009
217077	579325.849444	581897.341060
217078	579374.949749	581009.319750
217116	579256.808076	582699.699131
224055	577232.533552	591614.545034
224057	578104.416047	590319.366572

285017	580634.609725	570591.467645
285017	580621.588109	570572.749868
285017	580732.255253	570522.269605
285017	580713.439594	570593.213965
285017	580670.155579	570607.462168
285017	580671.214216	570598.135219
285017	580655.525747	570620.137914
285032	580722.000206	567991.514646
285040	580654.080315	568212.821224
285041	580258.312095	571912.639739
286017	579817.020041	573676.925172
286018	579843.287687	574502.249793
287028	579788.008690	576510.142453
291016	580159.051314	565276.474531
291017	580223.278035	565794.742021
291018	580294.783466	566742.590892
291019	580393.314431	566780.230980
291020	580348.511867	566775.078462
661003	579190.979351	583675.866892
661017	580549.999986	570848.000818
661022_1	580453.001035	571270.001705
661029	579026.001192	584298.997969
661032	579073.390611	584102.855538
661034	579802.842975	573641.798062
661034	579807.418832	573690.039875
661052	579380.001077	581254.997074

Viðauki 2: Kort af rannsóknarsvæði og fornleifum

Skráðir minjastaðir eru merktir inn á loftmyndir sem verkkaupi lagði til. Myndirnar eru frá Loftmyndum ehf.


Yfirlitskort




Úttektarsvæði

mkv: 1:2.000.000 á A4


Yfirlitskort 2




Sérkort



mkv: 1:175.000
á A4






Sérkort 1

- Áhrifasvæði
- Fornleifar, hnitapunktur
- Fornleifar, uppmæling
- Rafstrengur



0 100 200
M

mkv: 1:5.000
á A4



Sérkort 2

- Åhrifasvæði
- Fornleifar, hnitapunktur
- Fornleifar, uppmæling
- Rafstrengur



mkv: 1:5.000
á A4

578000

590000

590000

578000

Hólár

Syðri-S

Sp-224056

Sp-224057

Sp-215038

Sp-215038

Sp-215038

Borgerðarfaðla

Laxá

Húsapollur

Ytri-Laughvammur

Laugaeyjar

Sp-215038

Sp-215036

Sp-215036

Laugar

Sp-215037

Sp-215039



Sp-215043

Syðri-Laughvammur

Hábrúnnir

Sérkort 3

- Áhrifasvæði
- Fornleifar, hnitapunktur
- Fornleifar, uppmæling
- Rafstrengur



mkv: 1:1.500
á A4

Ásgeirsstaðir

Árgilsstað

Sp-215042



Sp-215013

Sp-215012

Sp-215013

Sérkort 4

- Áhrifasvæði
- Fornleifar, hnitapunktur
- Fornleifar, uppmæling
- Rafstrengur



mkv: 1:2000

587000

587000


Sp-214040 Sp-215006


Sp-215001

Sp-215001 Sp-215001

Sp-215002 Sp-215041


Sp-215004






Sérkort 6

- Áhrifasvæði
- Fornleifar, hnitapunktur
- Fornleifar, uppmæling
- Rafstrengur



0 100 200
M

mkv: 1:5.000
á A4



Sp-661029

Sp-216042

Sp-216041

Sp-216069Sp

Sp-216062

Sp-216062

Sp-216063

Sp-661003

Sp-216058

Sp-216058

Brennilækjartunga

Hornhúsv

Beðio

Hesthúsvöllur

Ytraholt

Syðraholt

Hæðir

Prestsmýri

579000

584000

584000

579000



583000

579000

583000

Sérkort 7

- Åhrifasvæði
- Fornleifar, hnitapunktur
- Fornleifar, uppmæling
- Rafstrengur



mkv: 1:5.000
á A4

Sp-217116

Sp-217077

Dverá



582000

582000

579000

Sérkort 8

- Áhrifasvæði
- Fornleifar, hnitapunktur
- Fornleifar, uppmæling
- Rafstrengur



mkv: 1:1.500
á A4


Sp-661052

Þverá

Sp-217078


581000

581000



Sérkort 9

- Áhrifasvæði
- Fornleifar, hnitapunktur
- Fornleifar, uppmæling
- Rafstrengur



0 100 200
M

mkv: 1:5.000
á A4

580000

+

580000

Skollóðamyri

Þverá

Víðrar

Sp-217074

Sp-217066

Sp-217068

Sp-217070


Sp-217072

Sp-217064

579000


580000

579000



Sérkort 10

- Áhrifasvæði
- Fornleifar, hnitapunktur
- Fornleifar, uppmæling
- Rafstrengur



0 100 200
M


mkv: 1:5.000
á A4

580000

577000


577000

580000




Sérkort 11

- Áhrifasvæði
- Fornleifar, hnitapunktur
- Fornleifar, uppmæling
- Rafstrengur





0 100 200
M

mkv: 1:5.000
á A4



Sérkort 12

- — — — — Áhrifasvæði
- Fornleifar, hnitapunktur
- Fornleifar, uppmæling
- — — — — Rafstrengur



mkv: 1:5.000
á A4

Sp-285041

Sp-661022_1

Sp-661017

Viðafell

Másvatn

572000


571000


5810


572000

571000

5810










Sérkort 15

- Áhrifasvæði
- Fornleifar, hnitapunktur
- Fornleifar, uppmæling
- Rafstrengur




mkv: 1:1.500
á A4



Sérkort 16

- Áhrifasvæði
- Fornleifar, hnitapunktur
- Fornleifar, uppmæling
- - Rafstrengur



0 100 200
M

mkv: 1:5.000
á A4

Sp-291017

Sp-291016

580000

566000

566000



565000

565000


580000

Sérkort 17

- Áhrifasvæði
- Fornleifar, hnitapunktur
- Fornleifar, uppmæling
- Rafstrengur





mkv: 1:5.000
á A4



Sérkort 18

- Åhrifasvæði
- Fornleifar, hnitapunktur
- Fornleifar, uppmæling
- Rafstrengur



mkv: 1:5.000
á A4

579000

560000

560000

Sp-194034


Jafnafell

Sp-194035

559000


559000

579000



Sérkort 19

- Áhrifasvæði
- Fornleifar, hnitapunktur
- Fornleifar, uppmæling
- Rafstrengur



0 100 200
M

mkv: 1:5.000
á A4

Langstaff®

579000

558000

558000

557000


579000

557000

Sp-180024



Sp-180023

Sp-180008



Sérkort 20

- Áhrifasvæði
- Fornleifar, hnitapunktur
- Fornleifar, uppmæling
- Rafstrengur



mkv: 1:5.000
á A4

579000



553000

553000

579000


Sérkort 21


- Áhrifasvæði
- Fornleifar, hnitapunktur
- Fornleifar, uppmæling
- Rafstrengur




mkv: 1:5.000
á A4

Sp-180022







Sérkort 23

- Aðrensilí
- Ahrifasvæði
- Fornleifar, hnitapunktur
- Fornleifar, uppmæling
- Löðamörk
- Rafstrengur

0 100 200 m

mkv. 1:5.000
á A4

